


**skoðun 12**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skólar og námskeið







Hádegisverður til fyrirtækja og stofnana

Holt og ferskt
Fyrsta flokks hráefni
Fagmennska í fyrirrúmi

Nánari upplýsingar á www.iss.is
Netfang sala@iss.is
Sími 5 800 600



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

31. ágúst 2010 — 203. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Nýtt myndband

*Hljómsveitin Steed Lord fékk góða aðstoð.*

**fólk 26**

## Fagnar hverjum áratug

*Jóhannes Jónsson kaupmaður er sjötugur í dag og kveður Bónus.*

**tímamót 6 og 14**



## FH vann í Frostaskjóli

*FH vann góðan og mikilvægan sigur á KR í gær.*

**sport 22**

### veðrið í dag




**HLÝTT Í VEÐRI** Í dag má búast við suðaustan 8-13 m/s og vætu með köflum sunnan- og vestanlands. Annars staðar verður hægari vindur og nokkuð bjart.

**VEÐUR 4**



BJÖRK OG KÓNGURINN Björk sagði það mikinn heiður að fá Polar-verðlaunin þegar hún tók við þeim úr hendi Karls Gústavs Svíakonungs við hátíðlega athöfn í Stokkhólmi í gær.

MYND/KARIN TÖRNBLOM

Polar-verðlaunin afhent í gær:

## Segja Björk vera eins og óhamið náttúruafl

**FÓLK** Björk Guðmundsdóttir tók í gær við hinum virtu Polar-tónlistarverðlaunum úr hendi Karls Gústafs Svíakonungs. Athöfnin fór fram í Stokkhólmi. Polar-verðlaunin hafa stundum verið nefnd Nóbelsverðlaun tónlistarinnar og í ár komu þau í hlut Bjarkar og ítalska tónskáldsins Ennio Morricone.

Verðlaunin voru stofnuð árið 1989 af Stikkan Anderson sem var meðal annars útgefandi sænsku diskósveitarinnar Abba. Á meðal fyrri verðlaunahafa má nefna Paul McCartney, Sir Elton John, Pink Floyd, Peter Gabriel og B.B. King.

Þegar tilkynnt var um verðlaunahafana þetta árið fór dómnefndin fögrum orðum um Björk og kallaði hana óhamið náttúruafl sem gerir hlutina eftir eigin lagi. Tónsmíðar hennar og textar séu afar persónulegir og útsetningar frumlegar. Hún hafi sett mark sitt á dægurtónlist og menningu samtímans.

# LÍÚ telur nýtt ákvæði í stjórnarskrá óþarft

**Sáttanefnd um fiskveiðistjórnunarkerfið telur nauðsynlegt að skýrt ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum verði bætt í stjórnarskrá. LÍÚ telur það óþarft.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Starfshópur um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins, að fulltrúum Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) undanskildum, telur aðkallandi að skýrt ákvæði verði sett inn í stjórnarskrá um að auðlindir sjávar séu eign þjóðarinnar. Mælt er með því að sjávarútvegsráðherra komi erindi þessa efnis til nýskipaðrar nefndar sem nú undirbýr stjórnlagaþing.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur þetta fram í drögum að niðurstöðum starfshópsins en hún skilar ráðherra skýrslu í lok vikunnar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á föstudag er litið til svokallaðrar samningaleiðar við úthlutun aflaheimilda í drögunum. Þýðing þessa er að gerðir verða samningar við útgerðir landsins um nýtingu þeirra aflaheimilda sem eru nú þegar í þeirra höndum. Með þessu telur starfshópurinn að formlega hafi verið tryggt að auðlindinni sé ráðstafað af ríkinu og eignarétturinn sé því skýr. Er því um innköllun og endurúthlutun að ræða, ekki fyrningu aflaheimilda.

Rætt er um að slíkir samningar yrðu gerðir til fimmtán til tuttugu ára. Útgerðarmenn telja eðlilegt að þeir séu gerðir til mun lengri tíma, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Höfundar samningaleiðarinnar, lögmennirnir Lúðvík Bergvinsson og Karl Axelsson, mæla með því í skýrslu sinni að aflaheimildum verði skipt upp í potta. Annars vegar aflaheimildirnar, sem fara í stærri pottinn, og hins vegar pott fyrir byggðakvóta, strandveiðar og fleira af félagslegum toga. Með þessari leið er mælt í drögunum. Hvernig þessi skipting verður hlutfallslega á eftir að útfæra. Lúðvík og Karl varpa fram hugmynd um að útgerðin fái 80 til 95 prósent í skýrslu sinni.

Í drögunum er gert ráð fyrir að gerð verði úttekt á tengslum fyrirtækja í sjávarútvegi með það fyrir augum að aflaheimildir safnist ekki á fárra manna hendur. Settar verði reglur um innbyrðis tengsl fyrirtækja. Framsal kvóta verður takmarkað og gerð krafa um að það verði gert á markaði. **- shá**

Kvikmyndar maraþonþjálfun:

## Ætlar að léttast um 42,2 kíló

**HEILSA Kristján Ingi Gunnarsson útvarpsmaður hyggst hlaupa New York-maraþonið í byrjun nóvember. Hann hefur fest allan undirbúninginn og líf sitt um leið á filmu en hugmyndin með skráningunni í hlaupið var að hann myndi léttast um jafnmörg kíló og hlaupið er langt, 42,2 km, á undirbúningstímabilinu. „Þegar ég skráði mig til leiks, fyrir tæpu ári, var ástand mitt skráð hættulegt offituástand,“ segir Kristján Ingi.** **- jma /** **sjá allt**

Fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar segir uppsagnir einu leiðina til hagræðingar:

# Tugum eða hundruðum sagt upp

**ORKUMÁL** Hjörleifur B. Kvaran, fyrrverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir að með niðurskurðartillögum núverandi stjórnar þurfi að segja upp tugum eða hundruðum starfsmanna Orkuveitunnar. Lítið svigrúm sé til að spara í öðrum rekstrarkostnaði en launum.

„Á sama tíma er búið að taka gríðarlega til í fyrirtækinu, eða allt frá hruni. Það er nánast búið að snúa öllu við og verið gengið mjög langt. Það er í raun ekkert eftir nema launin,“ segir Hjörleifur.

Meðalkostnaður við hvern starfsmann Orkuveitunnar er sex og hálf milljón króna á ári þegar allt er talið.

Hjörleifur segir að það hafi verið sitt mat og framkvæmdastjóra innan Orkuveitunnar að þriggja ára áætlunin dygði til að sýna lánardrottnum að verið væri að taka til í rekstrinum.

**-shá /** **sjá síðu 4**





VERTU KLÁR

OK búðin
www.okbudin.is



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Skemmtilegur ferðafélagi

## SPURNING DAGSINS



*Lárus, eruð þið ekki á stórgræða á lauginni og syndið í peningum?*

„Við troðum marvaðann í peningamálum en syndum í hamingju og gleði.“

Lárus Á. Hannesson er forseti bæjarstjórnar á Stykkishólmi. Þar er sundlaugin svo vinsæl að stundum þarf að hleypa inn í hollum.

Lífsýni úr rannsókninni á morði Hannesar Þórs Helgasonar síðast send í greiningu til Svíþjóðar í gærmorgun:

# Grunaður morðingi verður brátt yfirheyrður

**LÖGREGLUMÁL** Sakborningur í morðmálinu í Hafnarfirði verður tekinn til yfirheyrslu síðar í þessari viku, að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns á höfuðborgarsvæðinu. Hinn grunaði situr í gæsluvarðhaldi og einangrun á Litla-Hrauni.

Nokkrar sendingar lífsýna hafa verið sendar til rannsóknar í Svíþjóð, sú síðasta í gærmorgun. Um er að ræða sýni af morðvettvangi og af þeim sem hafa verið handteknir vegna málsins. Vonast er til að fyrstu niðurstöður rannsókna berist í þessari viku eða í byrjun þeirrar næstu. Meðal gagna sem lögregla byggir á er far eftir skó í eigu sakborningsins sem fannst á morðvettvangi. Skófarið virðist passa við blóðugt skófar sem fannst á heimili Hannesar heitins Helgasonar eftir ódæðið. Þá fannst blóð á skóm sakborningsins, sem reynt hafði verið að þvo af.

Þegar lögregla handtók sakborninginn síðastliðinn fimmtudag, var það gert á grunni nýrra gagna í málinu sem studdu grun um að hann ætti aðild að morðinu á Hannesi. Í kjölfar handtökunnar nú var gerð ítarleg húsleit á heimili mannsins og hald lagt á tiltekna muni sem þar var að finna.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að unnusta Hannesar hafi gist á heimili sakborningsins nóttina örlagaríku. - jss



**VETTVANGUR** Mikill fjöldi lífsýna hefur verið tekinn á vettvangi morðsins.

Ræða óvissu um Helguvík:

## Funda aftur eftir mánuð

**ORKUMÁL Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fundaði í gær um stöðu álversuppbyggingarinnar í Helguvík með fulltrúum Norðuráls, orkufyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Þar krafðist ráðherra útskýringa á því hvað það væri sem tefði verkefnið. Óvissan um málið væri óþolandi fyrir þá sem byggja svæðið.**

**Hart var lagt að málsaðilum, Magma, HS ork u og Norðuráli, að reyna að ná sáttum í málinu sem allra fyrst.**

**Stefnt er að því að hópurinn fundi aftur eftir um mánuð. Unnið verður að lausn málsins í millitíðinni.** - sh

BSRB mótmælir hækkun OR:

## Kemur illa við almenning

**NEYTENDAMÁL** Stjórn BSRB mótmælir harðlega umfangsmiklum hækkunum á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt ályktun stjórnar BRSB.

Þar segir að hækkanirnar hafi áhrif til hækkunar vísitölu og þar með talið vísitölutengdra lána og koma því almenningi sérstaklega illa. Með þeim veikir stjórn OR þá tilraun til stöðugleika sem reynt hefur verið að koma á í samfélaginu og býður þeirri hættu heim að aðrir fylgi í kjölfarið með gjaldskrárhækkanir að mati stjórnar BSRB.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Bílþjófar handteknir

Fimm manns voru handteknir síðdegis í gær í nokkuð umfangsmikilli lögregluaðgerð, eftir að sást til stolinnar bifreiðar á Bústaðavegi. Í bílnum reyndust vera fimm tæplega tvítug ungmenni og því þurfti að kalla til nokkra lögreglubíla til að ferja fólkið á lögreglustöð. Ökumaðurinn er grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

# Endurgreiði ferð sem aflýst var í eldgosinu

**Neytendastofa segir að Expressferðum beri að endurgreiða gistingu en ekki aðeins flug í pakkaferð til Berlínar sem féll niður vegna gossins í Eyjafjallajökli. Aflýst var á síðustu stundu og hótelið neitaði að endurgreiða Expressferðum.**

**NEYTENDUR** Ferðalangur sem keypti pakkaferð til Berlínar í apríl í vor á að fá alla ferðina endurgreidda en ekki aðeins flugið eins og Expressferðir vildu. Þetta er niðurstaða Neytendastofu.

Lilja Hilmarsdóttir, rekstrarstjóri hjá Expressferðum, sem er í eigu Iceland Express, segir ekki tímabært að tjá sig um niðurstöðu Neytendastofu. Farið verði yfir málið með lögfræðingum í dag.

Umrædd ferð átti að vera til Berlínar 16. apríl. Þar var ætlunin að gista á hóteli í þrjár nætur. Lilja segir að allt fram á síðustu stundu hafi verið vonast til að hægt yrði að lenda í Berlín. Reyndin hafi þó orðið sú að lokað var fyrir flugumferð í Berlín og úti um allt í Evrópu þennan dag.

Expressferðir buðu farþegunum að fá flughlutann endurgreiddan eða að fá sams konar ferð og greiða 25 þúsund krónur til viðbótar. Einn farþeginn sætti sig við hvorugan kostinn og leitaði til Neytendasamtakanna sem kærðu málið til Neytendastofu. Að sögn Lilju kostaði umrædd ferð um 83 þúsund krónur. Um helmingurinn hafi verið vegna gistingarinnar.



**LILJA HILMARSDÓTTIR**

„Við reyndum að tala við hótelið en þeir neita að við værum með 34 herbergi sem þeir gætu ekki selt og spurðu hvernig okkur dytti þá í hug að við fengjum endurgreitt. Þannig að við sátum uppi með allan kostnað við ferðina,“ útskýrir Lilja sem kveður langflesta viðskiptavinina hafa verið sátta við það hvernig Expressferðir tóku á málinu. „Fólk skildi þetta mjög vel.“

Þetta var eina ferðin sem Expressferðir þurftu að aflýsa vegna gossins en aðrar ferðaskrifstofur og flugfélög hérlendis þurftu vitanlega að fella niður margar ferðir. Lilja kveður um algerlega einstakt mál að ræða. Búast megi við að endanleg niðurstaða þess verði fordæmisgefandi.



**BERLÍN** Aflýsa þurfti flugi Expressferða til Berlínar hinn 16. apríl því flugvöllurinn var lokaður vegna gossins í Evrópu.

> […] við sátum uppi með allan kostnað við ferðina.
>
> **LILJA HILMARSDÓTTIR** REKSTRARSTJÓRI HJÁ EXPRESSFERÐUM

„Spurningin er hvort allur kostnaður eigi eingöngu að falla á ferðaskrifstofuna eða flugfélögin,“ segir hún. Í umfjöllun Neytendastofu kemur fram það sjónarmið Expressferða að þar sem fluginu hafi verið aflýst vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna – svokallaðs „force majeure“ bæri ferðaskrifstofunni ekki að endurgreiða ferðina alla. Var þar meðal annars vísað í greinargerð laga um alferðir.

Neytendastofa segir hins vegar misræmi milli greinargerðarinnar og lagatextans sjálfs sem skýr um þetta atriði. Endurgreiða beri slíkar „alferðir“ að fullu óháð því hvers vegna þeim er aflýst. Á hinn bóginn eigi viðskiptavinir ekki rétt á skaðabótum fyrir aukaútgjöld tengd ferðinni ef aflýst er vegna ófyrirsjánlegra aðstæðna. gar@frettabladid.is

Ljós stórra gatnamóta óvirk:

## Biðja ökumenn að sýna aðgát

**UMFERÐ** Umferðarljós á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar verða óvirk frá klukkan tíu í dag og í um klukkustund meðan á endurbótum stendur. Á meðan verður umferðarstjórn í höndum lögreglu.

Hraði við gatnamótin verður þá takmarkaður við 30 kílómetra á klukkustund, auk þess sem einungis verður hægt að beygja til hægri af Grensásvegi inn á Miklubraut. Hvorki verður hægt að aka þvert yfir Miklubraut, né beygja til vinstri.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg eru vegfarendur beðnir um að sýna aðgát og virða hraðatakmarkanir. - sh

Fórnarlömb biskups á fundi:

## Prestar báðust fyrirgefningar

**TRÚMÁL „Það var gott að hitta konurnar og heyra þetta frá þeim og vonandi fyrir þær að heyra hvernig okkur líður,“ segir Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfirði.**

**Tugir presta hittu þrjá konur sem Ólafur Skúlason biskup beitti kynferðisofbeldi í Vídalínskirkju í Garðabæ seinnipartinn í gær. Boðað hafði verið til fundarins í fyrradag.**

**Sigríður Guðmarsdóttir prestur segir að það hafi verið erfitt að hlusta á konurnar. „Þetta var átakanleg saga.**

**Það var ofboðslega erfitt að hlusta á þær og það voru margir sem voru klökkir og grétu.“**

**Sigríður segir að prestarnir hafi hlýtt þöglir á konurnar, síðan hafi verið umræður á eftir. „Síðan stóðum við upp, hittum hvert annað, föðmuðumst og kysstumst og það voru margir sem sögðu fyrirgefðu,“ segir Sigríður.**






Samgönguráðuneytið getur ekki gripið inn í fjárhagsmálefni Reykjanesbæjar:

# Aldrei litið til eftirlitsnefndarinnar

**ORKUMÁL** Aldrei kom til greina af hálfu bæjarstjórnar Reykjanesbæjar að leita til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna bágrar fjárhagsstöðu bæjarins. Þetta segir bæjarstjórinn Árni Sigfússon.

Reykjanesbær er í vanskilum með erlent lán upp á 1,8 milljarða króna en lánið féll í gjalddaga í byrjun ágúst. Morgunblaðið greindi frá þessu í gær. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hafði sent bænum viðvaranir vegna slæmrar fjárhagsstöðu en nefndin vissi hins vegar ekki um vanskilin.

„Það vissi eftirlitsnefndin ekki um og það kom okkur mjög á óvart,“ sagði Kristján Möller samgönguráðherra við fréttastofu Stöðvar 2 í gær. Ráðherra segir að ráðuneytið hafi engar heimildir til að grípa inn í að eigin frumkvæði. „Samkvæmt lögum og reglugerðum er það þannig. Sjálfstæði sveitarfélaga er það mikið.“

Í sveitarstjórnarlögum segir að bæjarstjórn eigi að tilkynna það til eftirlitsnefndar sjái hún fram á vanskil. „Það hefur nú ekki komið til greina að leita til eftirlitsnefndar um þetta mál,“ sagði Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, við Stöð 2. Árni segist hafa vonað að það tækist að endurfjármagna lánið og ekki sé útilokað að það takist að semja við lánveitandann.



**BRATTUR BÆJARSTJÓRI** Árni trúir því að bærinn muni rétta úr kútnum þegar fjárfestingaverkefni verða að veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Í fjárhagsáætluninni var gert ráð fyrir 700 milljóna tekjum af álveri í Helguvík, en mikil óvissa ríkir um það verkefni. Árni segir að nauðsynlegt hafi verið að gera ráð fyrir tekjunum til að sýna fram á trú á verkefninu. - smog




* Innifalið: Flug og flugvallarskattar aðra leiðina.

## GENGIÐ 30.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,31 | 120,89 |
| Sterlingspund | 187,13 | 188,03 |
| Evra | 152,88 | 153,74 |
| Dönsk króna | 20,527 | 20,647 |
| Norsk króna | 19,202 | 19,316 |
| Sænsk króna | 16,288 | 16,384 |
| Japanskt jen | 1,42 | 1,4284 |
| SDR | 181,68 | 182,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,3184

HEIMILD: Seðlabanki Íslands


**Í HÆTTU STÖDD** Yfir 20 milljón manns eru nú heimilislaus vegna flóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Hræðilegt ástand í Pakistan:

# 100.000 óléttar konur í hættu

**HJÁLPARSTARF** Yfir eitt hundrað þúsund barnshafandi konur eru í bráðri hættu á flóðasvæðunum í Pakistan, að sögn samtakanna Barnaheilla. Margar kvennanna munu þurfa að fæða börn sín í bráðabirgðaskýlum, án aðgangs að hreinu vatni og heilbrigðisþjónustu og oftar en ekki umkringdar af menguðu flóðvatni, að því er segir í tilkynningu frá samtökunum.

Barnaheill hafa dreift matvælum, tjöldum, hreinlætisbúnaði og fleiru á hamfarasvæðunum og hafa starfsmenn samtakanna aðstoðað bágstaddar konur og börn þeirra. Hægt er að leggja því hjálparstarfi lið í síma 904 1900 eða 904 2900. - sh

Ferðasumarið 2010:

# Umferðin mest um miðjan júlí

**SAMGÖNGUR Helgin 16.–18. júlí var mesta umferðarhelgin í sumar. Um þrjú prósent meiri umferð var þá helgi en um verslunarmannahelgina. Óhætt er að lýsa því yfir að hinni eiginlegu sumarhelgarumferð sé lokið, segir á heimasíðu Vegagerðarinnar. Helgarumferðin er nú komin undir það sem hún var í upphafi júní. Athygli vekur hversu jafnar og stórar síðasta helgin í júní og tvær næstu helgar þar á eftir eru. Eru þessar helgar mjög svipaðar verslunarmannahelginni.** - shá

Íslandsbanki metur bein og óbein áhrif gjaldskrárhækkunar OR um eitt prósent:

# Hægir á hjöðnun verðbólgu

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala neysluverðs mun hækka um nærri eitt prósent í október, samkvæmt bráðabirgðaspá greiningardeildar Íslandsbanka. Ástæða hækkunarinnar er að langstærstum hluta hækkun Orkuveitu Reykjavíkur á gjaldskrá sinni og eru bein áhrif hennar metin um 0,39 prósent. Hækkunin mun hægja á hjöðnun verðbólgunnar næstu mánuði en ekki koma í veg fyrir hana. Má enn reikna með því að verðbólgan nái verðbólgumarkmiði Seðlabankans snemma á næsta ári, segir í Morgunkorni greiningardeildarinnar frá því í gær.


**ORKUVEITUHÚSIÐ** Bein áhrif hækkunar OR er metin 0,39 prósent en um eitt prósent í heild. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrir þau heimili sem kaupa veituþjónustu OR nemur hækkunin 0,7 prósentum af heimilisútgjöldum.

Auk beinu áhrifanna má gera ráð fyrir talsverðum óbeinum áhrifum sem koma munu fram í vísitölunni á næstunni. Í Morgunkorni bankans segir að aðrir orkusalar séu „margir hverjir líklegir til að grípa gæsina og hækka orkuverð til notenda utan sölusvæðis OR“. Eins segir að ekki megi líta fram hjá því að raforka er allstór kostnaðarliður hjá mörgum þeim fyrirtækjum sem framleiða innlendar neysluvörur og selja almenningi þjónustu. Verulegur hluti þeirra fyrirtækja „á vart aðra kosti en að ýta hluta þessarar kostnaðarhækkunar út í verðlagið“. - shá

DR gert að hagræða:

# Fara í verkfall vegna uppsagna

**DANMÖRK** Fjöldi starfsmanna á danska ríkisútvarpinu, DR, hefur ákveðið að leggja niður störf. Ástæðan er óánægja með að samstarfsmönnum þeirra var sagt upp vegna niðurskurðar. Alls missa 104 vinnuna í hagræðingaraðgerðum stofnunarinnar, sem tilkynntar voru í gær. Af þeim var 67 manns sagt upp en starfslokasamningur var gerður við 37.

DR er gert að spara 70-80 milljónir danskra króna í ár. Það jafngildir um 1,4 milljörðum íslenskra króna. - jhh

# Uppsagnir eru eina leiðin til að hagræða

**Fjöldauppsagnir eru fyrirsjáanlegar hjá Orkuveitunni, að mati fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins. Laun eru eini hagræðingarkosturinn. Hundrað starfsmenn kosta 650 milljónir en boðaður er niðurskurður upp á tvo milljarða.**

**FRÉTTAVIÐTAL**

Hjörleifur B. Kvaran, fyrrverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

„Þessar tillögur sem nú á að grípa til þýða að það þarf væntanlega að segja upp tugum eða hundruðum starfsmanna Orkuveitunnar. Boðuð er tveggja milljarða króna hagræðing á ári á sama tíma og lítið svigrúm er til að spara í öðrum rekstrarkostnaði en launum,“ segir Hjörleifur B. Kvaran, fyrrverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

Meðalkostnaður við hvern starfsmann Orkuveitunnar er sex og hálf milljón króna á ári þegar allt er talið. Hundrað starfsmenn kosta fyrirtækið því 650 milljónir á ári. „Á sama tíma er búið að taka gríðarlega til í fyrirtækinu, eða allt frá hruni. Það er nánast búið að snúa öllu við og verið gengið mjög langt. Það er í raun ekkert eftir nema launin,“ segir Hjörleifur.

Hjörleifur segir að Orkuveitan eigi ekki mikið af eignum en hluti af hagræðingartillögum nú er eignasala. „Það er helst hluturinn í HS veitum sem hefur verið rætt að skila miklum arði. Sá hlutur er metinn á einn og hálfan milljarð. Mér sýnist af fréttum af Reykjanesinu að það sé ekki líklegt til árangurs að bjóða þeim hlutinn til kaups.“

Hjörleifur segir að stefna Orkuveitunnar gangi þvert á það sem hann lagði til. „Mér var falið að gera tillögur um að bæta reksturinn. Þær féllu nýjum stjórnarformanni ekki í geð. Ég lagði til hóflegar gjaldskrárhækkanir og að þeim yrði dreift á þrjú ár. Þessar tillögur voru ekki þóknanlegar starfandi stjórnarformanni sem vildi taka þetta í einu stökki og ganga hart fram í uppsögnum. Það sagði hann í samtölum við mig. Þess vegna starfa ég ekki fyrir Orkuveituna lengur.“


**ORKUVEITUHÚSIÐ** Hjörleifur segir að frá hruni hafi verið gengið mjög hart fram í niðurskurði. Ekkert sé í raun eftir nema launakostnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**HJÖRLEIFUR B. KVARAN**

Hjörleifur segir að það hafi verið sitt mat og framkvæmdastjóra innan OR að þriggja ára áætlunin dygði til að sýna lánardrottnum að verið væri að taka til í rekstrinum. Það væri hægt með því að taka tillit til fyrirtækisins en ekki síður viðskiptavina þess. Aðallega er horft á tvo gjalddaga; á næsta ári og árið 2013. „Ég tel að við höfum haft alla burði til að endursemja um þau lán út frá þeim hagræðingaráformum sem við höföum og hvernig við ætluðum að auka tekjur.“

Hjörleifur segir að ekkert hafi verið horft til gengis krónunnar við mótun hagræðingarhugmyndanna. Ekki hafi verið talið ráðlegt að treysta á styrkingu krónunnar. Hins vegar myndi það skipta sköpum fyrir fyrirtækið ef krónan myndi styrkjast umtalsvert. Aðgerðirnar nú gangi hins vegar þvert á hagsmuni fyrirtækisins í því ljósi.

svavar@frettabladid.is

Stefán Skjaldarson sendiherra:

# Afhenti trúnaðarbréf í Skopje

**UTANRÍKISMÁL Stefán Skjaldarson, sendiherra í Vín, afhenti fyrir helgi forseta Makedóníu, Gjorge Ivanov, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Makedóníu með aðsetur í Vín.**

**Athöfnin fór fram í forsetahöllinni í höfuðborginni Skopje og í samtölum Stefáns við forsetann og utanríkisráðherrann kom fram að samskipti landanna tveggja væru afar vinsamleg, þótt ekki væru þau mikil, að því er segir í frétt á vef utanríkisráðuneytisins.**

**Þó hafi komið fram áhugi af hálfu beggja aðila til að auka og styrkja þessi samskipti frekar, ekki síst á sviði viðskipta og jarðhitanýtingar.** - sh

Meindýraeyðir fær sitt:

# Skal borga fyrir veggjalúsina

**DÓMSMÁL** Maður hefur verið dæmdur til að greiða fyrirtæki meindýraeyðis 38 þúsund krónur fyrir að eyða veggjalús á heimili hins fyrrnefnda.

Meindýraeyðirinn kom á heimilið að beiðni móður mannsins. Þar hitti hann, auk hennar, konu mannsins sem er frá Asíu og skildi ekki vel íslensku.

Rúm eða dýnur voru borin út og föt sem átti að frysta sett í poka.

Ekki hafði verið tekið úr fataskápum og kvað meindýraeyðirinn sér hafa verið sagt að húsráðandi myndi hringja og þá gæti hann klárað verkið. Sá síðarnefndi tjáði honum síðar í símtali að hann hefði verið ósáttur við vinnu hans og myndi ekki borga. - jss




## VEÐURSPÁ


**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HITABYLGJA!** September heilsar með hlýindum. Næstu daga má búast við allt að tuttugu stiga hita um norðanvert landið. Áfram verða SA-áttir með lítils háttar vætu sunnan og vestantil en björtu veðri norðan- og austanlands.




**Á MORGUN** 10-15 m/s SV-til, annars hægari vindur.

**FIMMTUDAGUR** Strekkingur V-til en annars 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 20° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 35° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 18° |
| París | 21° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is



PLÚS
vikunnar
Verðdæmi á mann:
Tenerife
10 nætur
Verð frá: hálft fæði innifalið!
89.900 kr.
PLÚSFERÐIR
ENN MEIRI PLÚS!
www.plusferdir.is
plús
FERÐIR
www.plusferdir.is
Sjá einnig fleiri frábær verð til Tenerife á plusferdir.is!
Flug og gisting í 10 nætur á Tropical Playa með hálfu fæði!
m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð.
Brottför: 8. til 18. september
Athugið!
Brottför er 8. sept og takmarkaður sætafjöldi er á þessu tilboði þannig að þú þarft að hafa hraðar hendur!
* innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið fram á launahækkun síðastliðin tvö ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 23% |
| Nei | 77% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var rétt af Arion banka að reka Jóhannes Jónsson frá Högum?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Smáralind skilar 255 milljóna króna hagnaði eftir tap rekstur síðastliðin tvö ár:

# Hagnast á sterkara gengi krónu

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið Smáralind hagnaðist um 255 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tíma fyrir ári tapaði félagið rúmum einum milljarði króna.

Rekstrarhagnaður fyrir skatta, afskriftir og gjöld nam 389 milljónum króna, sem er um sjö milljónum krónum hærra en í fyrra. Tekjur og gjöld eru sambærileg og í fyrra og munar mestu um niðurfærslu á matsbreytingum fjárfestingareigna sem lituðu bækur félagsins í fyrra. Þá er gengismunur nú jákvæður ur um tæpar 380 milljónir króna.



**ÚR SMÁRALIND** Smáralind er í eigu dótturfélags Landsbankans. Verslunarmiðstöðin hefur verið til sölu frá aprillokum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hann var neikvæður um 340 milljónir í fyrra.

Heildareignir félagsins námu þrettán milljörðum króna í lok júní. Á móti námu skuldir ellefu milljörðum króna. Þar af eru fimm milljarðar króna á gjalddaga á næstu tveimur árum. Sjötíu prósent skulda félagsins er í íslenskum krónum og evrum en afgangurinn í Bandaríkjadölum, pundum og japönskum jenum.

Smáralind er í eigu Regins, dótturfélags Landsbankans. Verslunarmiðstöðin hefur verið til sölu frá aprillokum. **- jab**

Fingralangir gasþjófar:

# Stálu gaskútum af fellihýsum

**LÖGREGLUMÁL** Gaskútum var stolið á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku. Bæði var um að ræða gaskúta sem voru teknir af fellihýsum í Grafarvogi og Mosfellsbæ en einnig var gaskútum stolið í innbroti í vesturborginni. Búið er að endurheimta að hluta eða öllu leyti gaskútana sem voru teknir í vesturbænum og einnig gaskúta sem var stolið frá fyrirtæki á öðrum stað í borginni. Á síðastnefnda staðnum sást til þjófanna en lögreglan fann fjóra gaskúta í bíl þeirra. **- jss**

HB Grandi:

# Erfitt að sneiða hjá makrílnum

**SJÁVARÚTVEGUR Ágætur gangur hefur verið í síld- og makrílveiðum upp á síðkastið. Hins vegar veldur það skipunum erfiðleikum við veiðarnar hversu mikill makríll veiðist með síldinni. Eins er farið að bera á kolmunna í veiðinni.**

**Vilhjálmur Vilhjálmsson, deildarstjóri uppsjávarsviðs HB Granda, segir að hlutfall makríls í aflanum í einstökum hölum hafi verið frá tíu til 70 prósent. Veiðisvæðið er stórt og hafa skipin verið að veiðum í Síldarsmugunni og færeysku lögsögunni. Þá hefur afli fengist um 40 sjómílur frá Vopnafirði.** **- shá**



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff ásamt Stefáni B. Sigurðssyni rektor og eiginkonu hans, frú Önnu Jóhannesdóttur. MYND/HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Nýbygging vígð:

# Bætt aðstaða til náms við HA

**SKÓLAMÁL** Nýtt húsnæði Háskólans á Akureyri var vígt við hátíðlega athöfn á Sólborg á laugardaginn var. Viðstödd athöfnina voru forsetahjónin og flutti hr. Ólafur Ragnar Grímsson ávarp. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ávarpaði einnig gesti. Eftir athöfnina var opið hús og heimsóttu á milli 700 og 800 manns Háskólann á Akureyri í tilefni dagsins. **- rat**

# Jóhannes í Bónus rekinn úr Högum

## Jóhannes Jónsson í Bónus fær 90 milljónir króna fyrir að afsala sér rétt til kaupa á hlutabréfum í Högum og fyrir að fara ekki í samkeppni við félagið. Bankastjóri Arion banka segir Jóhannes hafa truflað skráningu félagsins á markað.

**VIÐSKIPTI** „Það hefur verið ljóst að þetta gæti skeð,“ segir Jóhannes Jónsson, stofnandi Bónuss, sem í gær var vikið úr sæti stjórnarformanns Haga og tilkynnt að hann væri hættur afskiptum af félaginu. Réttur hans til að kaupa tíu prósent hlutafjár í Högum við sölu eða skráningu félagsins á markað var jafnframt felldur úr gildi. Kaupréttur stjórnenda Haga féll um leið niður.

Arion banki tók yfir 1998 ehf., móðurfélag Haga, í október í fyrra vegna þrjátíu milljarða króna skuldar félagsins við bankann.

Jóhannes fær níutíu milljónir króna vegna uppgjörsins við Haga. Inni í upphæðinni eru samningsbundin kaupréttarákvæði og bann við samkeppni við Haga í eitt og hálft ár. Það sama á við um fjölskyldu Jóhannesar.

Samhliða þessu samdi Jóhannes um kaup á sérverslunum Top Shop, Zara og All Saint og átta matvöruverslunum í Færeyjum fyrir 1.237 milljónir króna. Heimamenn í Færeyjum hafa átt helming á móti Högum í átján ár.

Í tilkynningu frá Arion banka kemur fram að bankinn hafi ekki talið æskilegt að selja sérvöruverslanirnar vegna tengsla milli eigenda umboðanna og fjölskyldu Jóhannesar. Á meðal annarra eigna sem hann kaupir er bíll sem hann hefur haft til umráða, íbúð á Akureyri og sumarhús fyrir austan fjall. Áætlað verðmæti eignanna þriggja eru fjörutíu milljónir króna, samkvæmt upplýsingum úr Arion banka.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segir áhuga Jóhannesar á að eignast hlut í Högum hafa staðið í mönnum. „Okkur fannst hreinlegra að hann færi út og væri í sömu aðstöðu og aðrir,“ segir hann. Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri Húsasmiðjunnar, tekur við af Jóhannesi sem stjórnarformaður.

Um nokkurt skeið hefur legið fyrir að stjórnarseta Jóhannesar hafi tafið fyrir skráningu félagsins á markað. Fyrirhugað var að félagið færi á markað um mitt ár, en því var frestað. Höskuldur segir skráningarferli langt komið. „Þessir hlutir hafa tekið svolítinn tíma. Það er búið að losa um hluti og það gefur byr undir báða vængi,“ segir hann en stefnt er að því að skrá Haga fyrir áramót.

Þegar Jóhannes er spurður hvort hann ætli þrátt fyrir þróun mála að halda til streitu þeirri ætlun sinni að kaupa hlut í Högum svarar hann: „Ég býst við því. Það þekkir félagið enginn betur en ég.“

**jonab@frettabladid.is**



**FYRSTA VERSLUNIN** Jóhannes Jónsson opnaði fyrstu Bónusverslunina í apríl í Skútuvogi árið 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

### Hagar hagnast um 44 milljónir króna

Hagar högnuðust um 44 milljónir króna á síðasta rekstrarári, samkvæmt ársuppgjöri félagsins. Rekstrarár Haga stendur frá febrúar ár hvert.

Tekjur Haga námu tæpum 683 milljörðum króna og var rekstrarhagnaðurinn fyrir afskriftir, gjöld og skatta, (EBTIDA) rétt rúmir fjórir milljarðar króna. Eignir félagsins námu í lok uppgjörsársins 24,5 milljörðum króna á móti 22 milljarða skuldum. Eigið fé nam rétt rúmum 2,5 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfall félagsins 10,3 prósent.



**LÚXUS HUMMUS** Á eldri umbúðum kom ekki fram að varan getur valdið ofnæmi hjá þeim sem ekki þola sesam.

Umbúðirnar endurbættar:

# Ekki varað við sesamafurð

**HEILBRIGÐISMÁL Lúxus hummus sem framleitt er af Yndisauka inniheldur efnið tahini. Á umbúðum vörunnar kemur ekki fram að tahini er unnið úr sesamfræjum, en sesamfræ eru þekktur ofnæmis- og óþolsvaldur.**

**„Yndisauki hefur því í samstarfi við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ákveðið að endurbæta merkingar vörunnar og verður vanmerkt vara ekki á markaði eftir 31. ágúst 2010,“ segir í tilkynningu Yndisauka. „Tekið skal fram að varan er skaðlaus öðrum en þeim sem hafa ofnæmi fyrir sesami og sesamafurðum.“**

**Lúxus hummus frá Yndisauka hefur verið til sölu víða á stórhöfuðborgarsvæðinu.** **- óká**

## LÖGREGLUMÁL

### Innbrotsþjófur tekinn

Innbrotsþjófur, karlmaður á þrítugsaldri, var handtekinn í austurborginni um hádegisbil á föstudag. Á heimili hans fundust ýmsir stolnir munir, meðal annars fartölva sem hafði verið stolið í innbroti á öðrum stað í borginni deginum áður.

### Kannabis í Kópavogi

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í fjölbýlishúsi í Kópavogi á föstudag. Við húsleit fundust 85 kannabisplöntur. Húsráðandi, karlmaður á þrítugsaldri, játaði aðild sína að málinu.


Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*

10,36%

ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

50% afsláttur af söluþóknun til 31. ágúst 2010




ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri I Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 I www.iv.is I iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 31.07.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# Taktu haustið með trompi!




## Tækninám og brautir NTV opna nýjar leiðir

### Kerfisstjóri - 365 stundir - Verð: 493.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Kerfisstjórinn samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Micrsoft Certified Server Administrator"

| Morgunnámskeið byrjar 26. október | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 28. september |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 110.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 26. október | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 28. september |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 299.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Sertified Server Administrator.

| Morgunnámskeið byrjar 3. nóvember | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. september |

| Lotunám byrjar 4. september |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 139.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 14. september | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. september |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 249.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 26. október | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 28. september |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 5. október |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. september |

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV
af auglýstu staðgreiðsluverði

OPIN KERFI
Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions
PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER
ECDL
PROMETRIC

INNRITUN Á HAUSTÖNN STENDUR YFIR NÚNA!

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS




# Skattar á bíla taka mið af umhverfinu

**Fjármálaráðuneytið er að leggja lokahönd á breytingar á skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Grundvallarbreyting er í vændum. Hugmyndir Bílgreinasambandsins um afskriftir eldri bíla og afslátt af nýjum koma ekki til greina.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig verður skattlagningu háttað af nýjum bílum í framtíðinni?



**BÍÐA NÝRRA EIGENDA** Fjármálaráðuneytið telur ekki ástæðu til að hvetja til innflutnings á nýjum bílum. Bílafloti þjóðarinnar sé tiltölulega nýr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við erum að ganga frá frumvörpum þar sem verið er að breyta skattlagningu á ökutækjum og eldsneyti sem byggir á losun gróðurhúsalofttegunda. Til þessa hefur verið litið til vélarstærðar við álagningu innflutningsgjalda og þunga ökutækis við álagningu bifreiðagjalda,“ segir Sigurður Guðmundsson, aðstoðarskrifstofustjóri á tekju- og skattaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. „Fyrsta skrefið í endurskoðun skattlagningar á ökutæki var kolefnisgjald á jarðefnaeldsneyti. Næstu skref eru bifreiða- og vörugjöld sem bæði eiga að endurspegla losun gróðurhúsalofttegunda.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að Bílgreinasambandið leggur til að tíu ára gamla bíla megi afskrifa og eigendur þeirra fái á móti afslátt af innflutningsgjöldum á nýjum bíl. Sambandið vill sömuleiðis að innflutningsgjöld á nýjum bílum verði lækkuð. Markmiðið er að flýta endurnýjun bílaflotans og koma markaðnum á hreyfingu á ný eftir gríðarlegan samdrátt í bílasölu eftir hrun. Sala nýrra bíla dróst saman um 95 prósent á árunum 2007-2009.

„Við vitum af hugmyndum Bílgreinasambandsins um afslátt af innflutningsgjöldum á nýjum bifreiðum við afskrift eldri ökutækja. Áhugi bílainnflytjenda er skiljanlegur en bílafloti landsmanna er stór og mikill hluti hans er nýr og lítið notaður. Það er ekkert sérstakt áhugamál að auka innflutninginn í þeim tilgangi að flýta fyrir endurnýjun bílaflotans,“ segir Sigurður.

Núna er lagt 30 eða 45 prósent vörugjald á alla bíla sem fluttir eru til landsins og það fer eftir vélarstærð. Sigurður segir að í framtíðinni munu vörugjöldin geta farið allt niður í fimm prósent fyrir neyslugranna bíla sem ganga fyrir dísilolíu. Engin vörugjöld yrðu lögð á rafmagnsbíla eða tvinnbíla. Heilt yfir yrði um að ræða lækkun vörugjalda fyrir alla bíla sem teljast umhverfisvænir. „Hugmynd nýrrar álagningar er skali gjalda sem byrjar í núlli en endar hærra en það 45 prósenta hámarksvörugjald sem innheimt er í dag fyrir þá bíla sem eyða miklu eða teljast óumhverfisvænir samkvæmt skilgreiningu nýrra laga,“ segir Sigurður. „Meiningin er að þegar uppsveifla hefst á ný verði komið á fyrirkomulag sem þýðir að þú getur flutt inn umhverfisvæn ökutæki með lægri vörugjöldum.“

Í dag er verðmyndun ökutækja með þeim hætti að þrjátíu prósent vörugjald leggst á þegar ökutæki er tollafgreitt inn í landið. Önnur álagning er frá söluaðila auk 25,5 prósenta virðisaukaskatts sem leggst við.

Bílgreinasambandið hefur jafnframt viðrað hugmyndir um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna viðgerðarkostnaðar. Hefur þar verið bent á átakið Allir vinna.

Sigurður segir að átakið Allir vinna hafi haft það að leiðarljósi að efla byggingarstarfsemi sem var sú atvinnugrein sem varð fyrir þyngsta högginu í hruninu. „Þar er atvinnuleysishlutfallið hæst og menn sátu heima með miklum kostnaði fyrir samfélagið, en það er ekki okkar tilfinning að það sé raunin í bílaviðgerðum. Heldur kannski þveröfugt.“

Rök Bílgreinasambandsins um slíka aðgerð til að uppræta svarta atvinnustarfsemi segir Sigurður annað mál. „Það væri heldur að ná utan um það með hertu skatteftirliti.“

svavar@frettabladid.is



**Í VINNUNNI** Starfsmenn fyrirtækja í byggingarstarfsemi og rekstri veitinga- og gististaða eiga að hafa skírteini upp á vasann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ASÍ og SA:

## Berjast gegn svartri vinnu

**VINNUMARKAÐUR** Nýlega tók gildi samkomulag á milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Markmið samkomulagsins er að tryggja að allir atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Vinnustaðaskírteinunum er ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði.

Samkomulagið nær í fyrstu til starfsmanna og fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sem og rekstri gististaða og veitingahúsa. **- shá**



Jens Ingólfsson rekstrarhagfræðingur, jens@kontakt.is



Gunnar Svavarsson viðskiptafræðingur, gunnar@kontakt.is



Sigurður A. Þóroddsson hrl. sigurdur@kontakt.is



Brynhildur Bergþórsdóttir rekstrarhagfræðingur, lögg. verðbr.- og fasteignasali, brynhildur@kontakt.is



Arnór H. Arnórsson rekstrarhagfræðingur, arnor@kontakt.is



Guðni Halldórsson viðskiptalögfræðingur, gudni@kontakt.is

SÉRFRÆÐINGAR
Í FYRIRTÆKJAVIÐSKIPTUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

**Við teljum að eftirfarandi fyrirtæki geti verið fáanleg:**

- Skráðu þig á forgangslista og við sendum þér reglulega upplýsingar í tölvupósti um tækifæri sem við getum ekki sett í auglýsingar. Upplýsingar og skráning á www.kontakt.is.
- Meirihluti í stóru iðnfyrirtæki. Hagstæðar langtímaskuldir.
- Heildverslun með neytendavörur (ekki matvæli). EBITDA 80 mkr. Engar skuldir.
- Þjónustufyrirtæki með yfir 500 fyrirtæki og stofnanir í föstum viðskiptum. Ársvelta 150 mkr.
- Rótgróið glerfyrirtæki. Ársvelta 80 mkr.
- Framleiðslufyrirtæki með eigin verslanir. Með yfir 50% markaðshlutdeild og góða vaxtamöguleika. Ársvelta um 400 mkr.
- Grænlenskt byggingarfélag með góða verkefnastöðu.
- Þekkt heimilisvöruverslun með eigin innflutning. Ársvelta 80 mkr.
- Vélsmiðja með góða verkefnastöðu. 7 starfsmenn.
- Meirihluti í stóru iðnfyrirtæki. EBITDA 75 mkr.
- Rótgróin heildverslun sem selur tæknivörur og rekstrarvörur til opinberra stofnanna. EBITDA 15 mkr.
- Tvö iðnfyrirtæki sem henta vel til sameiningar. Sameinuð ársvelta um 150 mkr. og EBITDA um 25 mkr. Viðkomandi kaupandi þyrfti að leggja fram um 20 mkr. í peningum og um 20 mkr. fasteignaveð til að ná meirihluta í báðum fyrirtækjunum.
- Meirihluti í rótgrónu iðnfyrirtæki. Ársvelta 90 mkr. EBITDA 10 mkr. Litlar skuldir.
- Fyrirtæki á heilbrigðissviði með langtímasamninga. EBITDA 12 mkr.
- Verslun með heilsuvörur í góðum rekstri. Eigin innflutningur.

Forgangslisti er nýjung fyrir kaupendur og fjárfesta.
Skráning á **www.kontakt.is**

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is
globalM&A Iceland

Haukur 08.10

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




**Allt sem þú þarft…**

Verðtryggð skuldabréf
Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
LSS150224

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LSS), kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu dagsett 6. júlí 2010 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukann og gögn sem vitnað er til í honum er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 1. september 2010 er 1.150.000.000 kr., heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 21.722.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslu bréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

Reykjavík, 31. ágúst 2010.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

# Örugg tölvukerfi fyrir verðmæta vinnu

**Dell PowerEdge T310**

Intel Xeon X3430 örgjörvi
2.4GHz, 8M Cache, Turbo
Intel 3420 kubbasett
4GB 1333MHz Dual Rank RDIMM minni (2x2GB)
2x 1TB (7.200 rpm) 3.5" SATA "Hot Plug" diskar
RAID 1 uppsetning
PERC 6/i RAID diskastýring 256MB PCIe
16x DVD-ROM geisladrif
Innbyggt Dual-Port Broadcom 5716 Gigabit netkort
Matrox G200eW skjástýring



Öflugur og áreiðanlegur netþjónn frá Dell eykur skilvirkni, tryggir gagnaöryggi og safnar allri þekkingu fyrirtækisins á einn stað.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1414



## Dell PowerVault MD3200

Utanáliggjandi SAS tengd diskageymsla fyrir SAS og SATA diska. Skalanleg og áreiðanleg í rekstri.



## Dell 2330DN prentari

Prentar út í hárri upplausn og á miklum hraða, áreiðanlegur og ódýr í rekstri.



## Dell Poweredge T410

Hannaður fyrir fyrirtæki sem vilja að tölvubúnaðurinn vaxi með þeim.



## Dell PowerEdge R310 Rack

Eins örgjörva, 1U netþjónn með plássi fyrir 4 diska og ódýrum RAID valkostum.



## Dell Optiplex 780

Tölvan sem hentar best fyrir atvinnulífið, endingargóð, einföld í umgengni og umsjá.



## Dell Latitude E6410

Hönnuð fyrir atvinnulífið til að hámarka afköst, hlaðin nýjungum, áreiðanleg og örugg.

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

EJS

# FME hefði átt að banna kaup á NIBC

**Yfirtaka Kaupþings á hollenska bankanum NIBC vafðist fyrir Fjármálaeftirlitinu. Þegar erfiðleika tók að gæta á alþjóðlegum mörkuðum dró eftirlitið kaupin í efa. Stór ákvörðun að banna kaupin, segir þáverandi forstjóri FME.**

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) hafði efasemdir um það hvort skynsamlegt væri að gefa Kaupþingi leyfi til að kaupa hollenska bankann NIBC haustið 2007. Þetta segir Jónas Fr. Jónsson, þáverandi forstjóri FME. „Með því að samþykkja ekki umsóknina strax var komið í veg fyrir að bankakerfið hér yrði þriðjungi stærra,“ segir hann.



JÓNAS FR. JÓNSSON

Kaupþing tilkynnti um miðjan ágúst árið 2007 að bankinn hygðist kaupa hollenska bankann NIBC. Kaupverð nam tæpum þremur milljörðum evra, jafnvirði 270 milljarða íslenskra króna á þávirði, og hefðu það orðið stærstu viðskipti Íslandssögunnar. Stefnt var á að ljúka bankakaupunum í janúar 2008.

Samkeppniseftirlitið gaf græna ljósið á viðskiptin strax í ágúst á meðan FME lét bíða eftir sér. Þegar leið nær áramótum hafði þrengt mjög að á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, kreppan látið á sér kræla og fjármögnun viðskiptanna orðið erfiðari.

Um miðjan janúar 2008 voru sögusagnir um að Kaupþing hefði hætt við kaupin. Morgunblaðið greindi frá því að FME hefði spurt út í þætti sem lutu að stöðu og fjárhag hollenska bankans og hefði bandaríski seljandinn JC Flowers og stjórnendur Kaupþings metið svo að svar FME yrði neikvætt. Þá taldi breska dagblaðið Daily Telegraph aðstæður slíkar seint í janúar að kaupin myndu ógna fjármálastöðugleika hér. Kaupþingsmönnum yrði létt bærist neikvætt svar frá FME. Slíkt svar barst aldrei.

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, gagnrýndi stjórnkerfið í samtali við Fréttablaðið á laugardag og sagði það ekki hafa stutt við bankann þegar hann vildi hætta við kaupin. Hefði honum þótt æskilegt að fá bréf frá FME sem myndi banna bankanum að ljúka kaupunum. „Aðstæður höfðu breyst svo mikið að þetta var ekki skynsamlegt lengur og við gátum ekki bakkað út úr samkomulaginu einhliða,“ sagði Sigurður.

Jónas Fr. segir neikvæða þróun á fjármálamörkuðum hafa haft sitt að segja. „Menn voru bæði að velta fyrir sér hvort þetta væri skynsamlegt og hvernig bankinn myndi fjármagna kaupin. Menn veltu líka fyrir sér lagaheimildum og óskuðu eftir ítarlegri upplýsingum um viðskiptin. Að banna svona viðskipti er mjög stór ákvörðun og hefði getað haft ýmsar afleiðingar í för með sér,“ segir hann.

jonab@frettabladid.is

## Afskrifuðu þrettán milljarða vegna NIBC

Hollenski bankinn NIBC átti húsnæðislánasafn sem tengdist bandarískum undirmálslánum. Kaupþing lánaði eigendum NIBC 136 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði í kringum þrettán milljarða króna á þávirði, til að kaupa lánasafnið og færa það úr bókum hollenska bankans.

Lánasafnið var flutt inn í eignarhaldsfélagið Onca, sem skráð var á Cayman-eyjum en stjórnað af eigendum NIBC. Það var engu að síður skráð sem eign í bókum Kaupþings. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því í fyrra að við kaupin haustið 2007 hafi eignir Onca verið metnar á 85 milljarða króna. Heimtur hafi verið talsvert lægri, eða í kringum tvö prósent. Það jafngildir 1,7 milljörðum króna.

Þegar kaup Kaupþings á NIBC féll upp fyrir í janúar 2008 stóðu hliðarsamningar enn og sat Kaupþing því uppi með fjárfestingu í undirmálslánunum. Lánið var afskrifað í uppgjöri Kaupþings fyrir fyrsta ársfjórðung 2008.





IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðsspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en í 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ógleði, hægðatregða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.




**Sölu-, markaðs- og rekstrarnám**

396 stundir - Verð: 385.000.- Einingar til stúdentprófs: 16

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir alla þá sem vilja tileinka sér þekkingu á sölu,- markaðs,- og rekstrarmálum. Námið er sérstaklega fjölbreytt eins og sést hér að neðan:

**Fyrri önn:**
- Hlutverk sölumanns (6) • Windows, Internet og tölvupóstur (6)
- Samskipti við viðskiptavini (6) • Sölu- og viðskiptakerfi (24)
- Verslunarreikningur (24) • Word ritvinnsla og tilboðsgerð (30)
- Markaðsfræði (30) • Excel töflureiknir og gerð söluáætlana (30)
- PowerPoint og gerð sölukynninga (12) • Framkoma og framsögn (6)
- Sölutækni og aðferðir (18) • Markaðsrannsóknir (12)
- Auglýsingatækni (6) • Markaðsfræði 2 (6) • Publisher umbrot (6)
- Tímastjórnun (6) • Fyrra lokaverkefni og sölukynning - 30

**Seinni önn:**
- Frumkvöðlar og framtíðarsýn (6) • Hagnýtur bókhaldsskilningur (12)
- Stofnun fyrirtækja (6) • Excel við áætlanagerð (24)
- Fjármálastjórnun og framlegð (30) • Markaðsfræði 3 (42)
- Lokaverkefni og gerð viðskiptaáætlunar (48)

Einn af stærstu viðskiptaháskólum í Danmörku, EASV í Esbjerg og Sønderborg, hefur gert samstarfssamning við NTV um að viður-kenna tveggja anna námsbraut NTV sem inntökuskilyrði fyrir nám í skólanum.

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

Næstu námskeið:
Morgunnám byrjar 13. sept.
Kvöld- og helgarnám byrjar 14. sept.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - HLÍÐASMÁRA 9 - SÍMI 544 4500 - WWW.NTV.IS




Ný vinnubrögð

**Þann 15. ágúst** 2010 tók gildi samkomulag **ASÍ** og **SA** um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

Markmið samkomulagsins er að tryggja að allir atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Það er mikilvægt að fyrirtæki sitji við sama borð og fari öll að leikreglum en vinnustaðaskírteinum er m.a. ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum.

Samkomulagið nær í fyrstu til starfsmanna og fyrirtækja í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð sem og rekstri gististaða og veitingahúsa. Atvinnurekendum í hlutaðeigandi greinum ber að sjá til þess að starfsmenn þeirra beri vinnustaðaskírteini.

Næstu þrjá mánuði munu eftirlitsfulltrúar veita atvinnurekendum sem samkomulagið nær til leiðbeiningar um innleiðingu vinnustaðaskírteina. SA og ASÍ hvetja atvinnurekendur til að bregðast skjótt við og stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi á íslenskum vinnumarkaði.

Allar nánari upplýsingar á **www.skirteini.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS Alþýðusamband Íslands



ENNEMM / SÍA / NM43071


ILVA
einfaldlega betri kostur
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
LOKADAGUR 2. SEPTEMBER
RÝMINGAR-SALA
RÝMUM FYRIR HAUSTLÍNUNNI
VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
© ILVA Ísland 2010

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru refsidómar aftur komnir á skjön við réttarvitund almennings?

## Glæpur og refsing

Fréttablaðið sagði í síðustu viku frá athyglisverðum niðurstöðum könnunar, sem gerð var á viðhorfi Norðurlandabúa til refsinga í ýmsum brotamálum. Í íslenzka hluta könnunarinnar, sem Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur stýrði, kom fram að almenningur á Íslandi telur annars vegar að refsidómar séu vægari en þeir raunverulega eru og hins vegar að þær refsingar, sem þátttakendur í könnuninni útdeildu sjálfir eftir að hafa kynnt sér málavöxtu í mismunandi brotamálum, eru vægari en þær sem reyndir dómarar ákveða í sömu málum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Niðurstöðurnar koma á óvart, enda rifjar Helgi upp margvíslegar rannsóknir, sem hann hefur staðið fyrir og hafa ævinlega sýnt að almenningur á Íslandi telji dóma of væga. Það er sömuleiðis í samræmi við hina almennu umræðu í samfélaginu.

Helgi telur mögulegt að þynging refsinga, sem óumdeilanlega hefur átt sér stað á undanförnum árum, hafi farið framhjá fólki og jafnvel hafi verið gengið of langt í þeim efnum.

Þetta er þó sennilega mismunandi eftir brotaflokkum. Enn er viðhorf margra að dómar í kynferðisbrotamálum, ekki sízt þar sem börn eru fórnarlömbin, séu of vægir. Helgi Gunnlaugsson telur að eftir að dómar í fíkniefnamálum voru þyngdir mjög fyrir nokkrum árum hafi dómar í annars konar brotamálum verið bornir saman við þá. Í málum þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi er sá samanburður enn mjög á einn veg; þar er úthlutað vægari dómum og refsiramminn sem Alþingi hefur ákveðið síður nýttur.

Hitt er áreiðanlega rétt, að niðurstöður könnunarinnar kunna að benda til að í ýmsum málum séu dómstólar jafnvel farnir að kveða upp svo þunga dóma, að sé komið á skjön við réttarvitund almennings. Full ástæða er til að skoða og ræða hvort svo sé.

Helgi hvetur til þess að nefnd dómsmálaráðherra, sem á að skoða hvernig bregðast eigi við ástandinu í fangelsismálum, hafi niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar. Nú er svo komið, að menn sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar fyrir afbrot geta þurft að bíða mánuðum eða misserum saman eftir því að hefja afplánun. Á undanförnum árum eru dæmi þess að menn hafa látizt áður en þeir voru boðaðir til afplánunar, eða þá að refsingin fyrndist. Slíkt ástand þýðir annars vegar að sumir taka aldrei út refsingu. Hins vegar jaðrar það við mannréttindabrot, því að í ýmsum tilvikum eru menn búnir að ná tökum á lífi sínu á ný á meðan þeir bíða afplánunar, jafnvel komnir í vinnu og búnir að stofna fjölskyldu og heimili og eiga þá yfir höfði sér að fangelsisvist kippi aftur undan þeim fótunum.

Lausnin á þessum vanda felst í tvennu; að bæta við fangelsum svo allir geti afplánað sem fyrst, og að breyta því hvernig menn taka út sína refsingu. Mörg nágrannalönd okkar hafa aukið heimildir dómstóla til að dæma menn til samfélagsþjónustu, með góðum árangri.

Full ástæða er til að skoða leiðir af því tagi, með það að markmiði að menn taki út sína refsingu en hún stuðli jafnframt að því að þeir verði nýtir þjóðfélagsþegnar. Líkast til er vaxandi stuðningur meðal almennings við slíkar lausnir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



SIEMENS

Þvottavél og þurrkari frá Siemens.

Einstök gæði. Góð þjónusta.

Þetta eru tækin handa þér!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sofandi að feigðarósi

Í gær spurðist út að bæjarsjóður Reykjanesbæjar gæti ekki greitt erlent lán sem féll í gjalddaga um síðustu mánaðamót. Það hefur lengi verið vitað að bæjarsjóðurinn er í tómu tjóni og skuldar margfaldar árstekjur. Það vissu íbúar Reykjanesbæjar fyrir þremur mánuðum síðan þegar þeir gengu til kosninga. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hnusaði af málum sveitarfélagsins en greip ekki til aðgerða fyrir kosningar. Svo endurkusu Suðurnesjamenn meirihluta Sjálfstæðisflokksins með glæsibrag og 58% atkvæða.



### Hlutabréfaeign

Síðustu átta ár hallaði jafnt og þétt undan fæti hjá bæjarsjóði Reykjanesbæjar. Bærinn var rekinn með tapi allan tímann. Bandaríkjaher fór af Vellinum en hann var langstærsti vinnuveitandinn á svæðinu um áratugaskeið. Bæjarsjóður seldi allar sínar fasteignir, leikskóla, grunnskóla og bæjarskrifstofur og keypti í staðinn hlutabréf í risastóru fasteignafélagi. Bærinn leigir nú af þessu félagi húsin sem hann átti einu sinni.



### Skortur á álveri?

Samt er svo að skilja á þeim sem stýrt hafa bæjarfélaginu undanfarin ár að slæm fjárhagsstaða sé aðallega því að kenna að ekki er búið að byggja álver í Helguvík. Þær skýringar eru auðvitað til marks um þann gríðarlega sköpunarkraft sem býr í sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum.

peturg@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Oft var þörf en nú er nauðsyn

Stjórnmál



Birkir Jón Jónsson
þingmaður Framsóknarflokks

Hinn svokallaði stöðugleikasáttmáli sem gerður var fyrir um ári síðan hefur snúist upp í andhverfu sína. Engin sátt er milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um hvernig við minnkum atvinnuleysi og leysum erfiða stöðu ríkissjóðs. Aðalástæðan er sú að ríkisstjórnin hefur ekki staðið við loforð um aðhald í ríkisrekstri. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin farið þá óskynsamlegu leið að lagfæra ríkisreikning með því að leggja mun meiri álögur á heimili og fyrirtæki en stöðugleikasáttmálinn kvað á um. Um þessar skattahækkanir notar fjármálaráðherra frasann „að afla tekna með sértækum aðgerðum“. Síðast en ekki síst hefur ríkisstjórnin brugðist í því að stuðla að auknum framkvæmdum og umsvifum. Er það óskiljanlegt því erlendar fjárfestingar og framkvæmdir þýða auknar tekjur í ríkiskassann og minni þörf á niðurskurði eða skattahækkunum.

Þessi vandræðagangur og aðgerðarleysi hefur reynst samfélagi okkar dýrt síðustu mánuði. Uppbygging í áliðnaði virðist í uppnámi, fræg er andstaða stjórnarflokkanna gegn viðleitni Þingeyinga til atvinnusköpunar og svo mætti áfram telja. .

Nú stendur yfir vinna í efnahags- og skattanefnd Alþingis við að fara yfir umsagnir og kalla til gesti þar sem ræddar eru hugmyndir Framsóknarflokksins um nýja þjóðarsátt. Þar er fjallað um aðgerðir sem Framsókn hefur lagt til að helstu hagsmunaaðilar í íslensku samfélagi geti sammælst um að ráðast í hið fyrsta. Slíkt var gert í upphafi 10. áratugar síðustu aldar undir forystu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Þar tóku allir á sig byrðar sem skiluðu samfélagi þar sem velferðarkerfið styrktist, atvinnuleysi minnkaði og kaupmáttur almennings jókst. Með öðrum orðum, með markvissum aðgerðum og samtakamætti, og vissulega nokkrum fórnum einnig, tókst á undraskömmum tíma að snúa vörn í sókn.

Nú er komið að því – 20 árum síðar – að ráðandi öfl í íslensku samfélagi ættu að hafa styrk og þroska til að ráðast í slíkt verkefni. Nauðsyn krefur á um það. Eins og sakir standa skortir verulega á að stjórnvöld sýni fólkinu í landinu framtíðarsýn. Ef við ætlum að vinna okkur út úr erfiðleikunum þá verðum við að gera það sem ein heild – í samvinnu. Ríkisstjórnin hefur á síðustu mánuðum sýnt að hún ræður ekki við verkefnin. Getur hún kyngt stoltinu og sýnt að hún sé reiðubúin til aukinnar samvinnu líkt og Framsóknarflokkurinn hefur ítrekað lagt til?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Pólitísk misbeiting eða fagmennska við stöðuveitingu?

ÍDAG



Margrét S. Björnsdóttir
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Stundum þarf að segja hlutina eins og þeir eru. Íbúðalánasjóður er lykil fjármálastofnun í okkar samfélagi með 800 milljarða eignir og tugmilljarða veltu á ári. Sjóðurinn er í miklum vanda, vegna erfiðrar skuldastöðu heimila, en einnig vegna taps á kaupum sjóðsins á skuldabréfum af hinum föllnu viðskiptabönkum. Áætlað er að við skattborgarar þurfum því að leggja sjóðnum til a.m.k. 20 milljarða á næstu árum. Þetta er arfleifð núverandi stjórnenda sjóðsins og fráfarandi framkvæmdastjóra, Guðmundur Bjarnasonar, framsóknarráðherra með Samvinnuskólapróf, sem fékk starfið á pólitísku silfurfati frá þáverandi framsóknar-félagsmálaráðherra. Bankareynsla hans var úr tveimur útibúum Samvinnubankans á landsbyggðinni, um 15 árum áður. Hann valdi sér seinna aðstoðarframkvæmdastjóra sem hefur BS-próf í viðskiptafræði og hafði innanhússreynslu í starfsmanna og rekstrarmálum. Þann aðstoðarframkvæmdastjóra vildu þrír framsóknar- og sjálfstæðismenn í stjórn Íbúðalánasjóðs gera að eftirmanni Guðmundar, en í stjórn sjóðsins sitja auk þeirra annar sjálfstæðismaður og einn samfylkingarmaður. Allir voru þeir skipaðir af framsóknar-félagsmálaráðherra í desember 2006. Sú undarlega staða er því uppi að þeir flokkar sem hafa meirihlutafylgi á Alþingi eiga einn fulltrúa í fimm manna stjórn. Núverandi félagsmálaráðherra ber hins vegar alla pólitíska ábyrgð á Íbúðalánasjóði og því væri eðlilegt að skipunartími stjórnar ÍLS fylgdi hans starfstíma.

### Byggði niðurstaða stjórnar ÍLS á faglegu mati?

Þegar staða framkvæmdastjóra ÍLS var auglýst sóttu 26 manns um, þar af margir með meiri menntun og fjölþættari starfsreynslu, en áðurnefndur aðstoðarframkvæmdastjóri. Er ekki að furða þótt ekki næðist sátt allra í stjórninni um að taka aðstoðarframkvæmdastjórann möglunarlaust fram yfir þá alla. Hinn naumi meirihluti framsóknar- og sjálfstæðismanna treysti sér enda ekki til að láta atkvæði ganga um málið og vildi freista þess að ljúka málinu í fullri samstöðu allra stjórnarmanna. Slíkt er ekki óeðlilegt, þegar haft er í huga hversu veikt umboð meirihluta stjórnarinnar er.

Ráðherra, sem eins og áður sagði ber á sjóðnum alla ábyrgð, lagði loks til að valið yrði falið valnefnd úrvals fólks, sem hafið væri yfir efa um annað en fagleg vinnubrögð. Stjórnin samþykkti þá tillögu mótatkvæðalaust. Þessi tillaga hefði mátt koma fyrr, en hún er í anda þess sem ég vil sjá við opinberar embættaveitingar, svipað og nú hefur loksins verið gert bindandi við ráðningar dómara og sama aðferð var notuð við nýlega ráðningu seðlabankastjóra. Í tillögum sem nú liggja hjá forsætisráðherra er einmitt gert ráð fyrir að valnefndir eins og sú sem Árni Páll hefur nú skipað, hafi með höndum matsferli og jafnvel ákvörðunarvald við ráðningar æðstu stjórnenda opinberra stofnana.

### Hamfarir ritstjóra Morgunblaðsins

Að ritstjóri Morgunblaðsins fari hamförum gegn félagsmálaráðherra yfir öllu þessu er ótrúlegt. Maðurinn sem á sinni vakt lét ráða sem hæstaréttardómara bæði besta vin sinn og náfrænda og seinna son sinn héraðsdómara, þvert á tillögur hæfnismatsnefnda um störfin þrjú. Hann endaði svo sinn pólitíska feril með því að raða pólitískum aðstoðarmönnum sínum í sendiherraembætti og láta skipa sjálfan sig seðlabankastjóra, með eftirminnilegum afleiðingum fyrir íslenska skattgreiðendur. Afleiðingum, sem vel er lýst í Rannsóknarskýrslu Alþingis. Listann yfir mannaráðningar, þar sem pólitísk sjónarmið réðu, á hans stjórnmálaferli, gæti ég haft mun lengri.

Ein persónuleg dæmisaga í viðbót þó: Fyrir margt löngu sá ég auglýsta (millistjórnenda) stöðu sem heyrði undir Davíð Oddsson. Ég bað sameiginlegan kunningja okkar um að spyrja Davíð, hvort einhver „væri í stöðunni“ eins og stundum er með slíkar stöður sem auglýstar eru í stjórnarráðinu. Svarið sem mér var borið frá þáverandi forsætisráðherra var: „Ég myndi aldrei láta auglýsa stöðu, nema ég væri búinn að valda hana fyrirfram.“ Svo mörg voru þau orð.

Frá þessu pólitíska skömmtunarkerfi við opinberar embættaveitingar verðum við að komast, valnefnd félagsmálaráðherra er spor í þá átt.

AF NETINU

## Skjaldborg ráðamanna



Klemma pokaprestanna er ekki að hafa veitt fórnardýrum kirkjuskrímslisins ónóga hjálp eins og Hjálmar Jónsson heldur fram. Afsökun út af því stoðar lítt. Klemma þeirra felst í að hafa vitað um atferli skrímslisins og hafa samt slegið skjaldborg um það. Reynt að sannfæra konurnar um að falla frá aðgerðum gegn Ólafi Skúlasyni. Þeir voru partur af skjaldborg ráðamanna kirkju og þjóðar. Í þessari skjaldborg voru líka Davíð Oddsson og Vigdís Finnbogadóttir og aðrir hræsnarar yfirstéttarinnar. Karl Sigurbjörnsson og Hjálmar Jónsson eiga að biðjast afsökunar á aðild sinni að skjaldborginni.

jonas.is
**Jónas Kristjánsson**

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN
NORÐURLJÓS

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir:

HETJA [英雄] eftir Zhang Yimou (張藝謀):
Askja, stofa 132, fimmtudagur 2. september, kl: 17:30 - 19:20



Þetta er lengd útgáfa af stórmynd Zhang Yimou frá árinu 2002. Sagan gerist fyrir meira en tvö þúsund árum, á tíma hinna stríðandi ríkja. Kína er skipt í sjö lénsríki sem sífellt berjast innbyrðis. Eftir langvarandi stríð hefur fólk þolað miklar þjáningar. Sagan er skáldskapur en með sögulegum bakgrunni. Myndinni mætti lýsa sem töfrandi blöndu af kvikmyndalist, bardagalist, glæsilegum litum og sögulegri nákvæmni og skáldskap. Afskaplega sjónræn, stórfengleg leikmynd og frábærir leikarar.
Sýningartími 118 mín.

Sýningin er öllum opin og án endurgjalds.

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

AF NETINU

## Ofuráhersla á persónur



Það er því miður ekkert sérstaklega sjaldgæft að þeir sem verða atvinnustjórnmálamenn verði smám saman mjög uppteknir af eigin persónu og þeim völdum eða embættum sem þeir hafa tekið að sér að gegna að annað verður eiginlega aukaatriði. Einkennin eru margs konar: það hættir að vera meginatriðið hvað er gert heldur er það hlutverk mannsins sjálfs í atburðinum sem hann talar stöðugt um. Stundum verða menn svo uppfullir af eigin mikilvægi að þeir fara að tala um sig í þriðju persónu. Langoftast er þetta þó göfgað: stjórnmálamaðurinn fer að líta á sjálfan sig sem tákngerving frelsis, lýðræðis, þjóðarinnar, eða tiltekinna stétta og sjónarmiða.

Ég held að þetta sé alls ekki sjaldgæft á Íslandi. Íslensk stjórnmálamenning og þó ekki síður umræðumenning er gjarnan mjög frumstæð og frumstæð stjórnmálamenning einkennist gjarnan af ofuráherslu á persónur!

smugan.is
**Ármann Jakobsson**

## Einelti, þöggun og hroki



Árum saman var einelti, þöggun, hroka og ofbeldi beitt biskupnum til varnar. Konunum sem sögðu frá reynslu sinni var útskúfað. Valdið sér um sína, þótt þeir séu ofbeldismenn. […] Vonin nú er að hugrekki og áratuga staðfesta kvennanna í biskupsmálinu hreyfi við þessu ömurlega samtryggingarkerfi. Að fólk læri um sína eigin ábyrgð og velji að taka hana.

smugan.is
**Björg Eva Erlendsdóttir**




Komdu í klúbbinn sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er

Viltu komast í útvalinn hóp fólks sem velur ekta hönnun og varast eftirlíkingar? Þá er ekta **Vespa** frá **Piaggio** eitthvað fyrir þig. Komdu og skoðaðu glæsilegt úrval í sýningarsal Heklu eða á **vespur.is** og vertu með í **MC Vespa** hópnum á **Facebook**.

**Verð frá 489.000 kr.**

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

**DÍANA PRINSESSA LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1997.**

*„Ég vil gjarnan vera drottning í hjörtum fólksins en ég hef aldrei getað séð mig fyrir mér sem drottningu landsins.“*

***Diana Frances Spencer var fædd 1. júlí árið 1961. Hún giftist Karli Bretaprinsi 29. júlí 1981.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31 ÁGÚST 1962

## *Trínidad og Tóbagó fær sjálfstæði*

Á þessum degi árið 1962 öðlaðist eyríkið Trínidad og Tóbagó í Karíbahafinu sjálfstæði. Ríkið heitir eftir tveimur stærstu eyjunum í eyjaklasanum, Trínidad og Tóbagó, en í klasanum eru margar minni eyjar. Trínidad er stærsta og fjölmennasta eyjan.

Indíánar frá Suður-Ameríku námu land á eyjunum fyrir að minnsta kosti sjö þúsund árum. Þær urðu spænsk nýlenda eftir að Kólumbus heimsótti þær árið 1498 og Spánverjar námu þar land upp úr 1530.

Á 18. öld settist fólk alls staðar að úr Evrópu, Afríku og frá öðrum Karíbahafseyjum að á eyjunum. Þær voru herteknar af Bretum í Napóleónsstríðunum 1797 sem juku innflutning þræla en þrælahald var afnumið 1838.

Eyjarnar urðu hluti af Vestur-Indíasambandinu



1958 eftir efnahagsuppgang vegna olíuvinnslu á 6. áratugnum. Þær öðluðust síðan sjálfstæði eins og fyrr segir árið 1962 og urðu lýðveldi innan Breska samveldisins 1976.

**MERKISATBURÐIR**

**1919** Í Barnaskólanum í Reykjavík er opnuð fyrsta almenna listsýningin hér á landi með 90 verkum eftir fimmtán listamenn.

**1955** Borgarísjakar sjást um 100 sjómílur suðvestur af Reykjanesi sem þóttu óvenjulegar slóðir.

**1980** Silfursjóður, sem talinn er vera frá landnámsöld, finnst við Miðhús á Fljótsdalshéraði.

**1994** Lengstu viðureign íslenskrar skáksögu lýkur með jafntefli eftir 183 leiki. Viðureignin stóð á milli Jóhannes Hjartarsonar og Jóns Garðars Viðarsonar.

# Garðar Thór flytur íslenskar söngperlur

Tenórsöngvarinn Garðar Thór Cortes mun syngja á fyrstu hádegistónleikum haustsins í Hafnarborg á fimmtudaginn klukkan 12. Garðar Thór flytur þar íslensk lög sem notið hafa vinsælda meðal þjóðarinnar. Antonía Hevesi píanóleikari er sem endranær listrænn stjórnandi tónleikanna, en þetta er áttunda árið sem boðið er upp á hádegistónleika í Hafnarborg fyrsta fimmtudag í mánuði. Húsið verður opnað klukkan 11.30, en tónleikarnir hefjast klukkan 12 og standa yfir í um hálfa klukkustund.



**ÞEKKTAR SÖNGPERLUR** Garðar Thór flytur vinsæl íslensk lög á fyrstu hádegistónleikum Hafnarborgar í Hafnarfirði næstkomandi fimmtudag.

# Litagleði í Eden

Listakonan Svanhvít Sigurlinnadóttir er með sýningu í Eden í Hveragerði sem ber yfirskriftina Litagleði. Sýningin er afrakstur vinnu hennar og náms bæði á Íslandi og erlendis undanfarin ár.

Flestar mynda Svanhvítar eru gerðar með vatnslitum og myndefnið er af ýmsum toga. Meðal annars kemur þar fyrir misjafnlega stílfært fólk, en eftirlætisviðfangsefni hennar eru blóm og ávextir. Sýningin stendur til 6. september og er opin alla daga frá klukkan 9 til 20. **- gun**



**MYNDLISTARKONA** Svanhvít notar vatnsliti mikið við verk sín.

**JÓHANNES Í BÓNUS:** HELDUR UPP Á SJÖTUGSAFMÆLI SITT Í DAG

# Tilefni til að líta yfir farinn veg

Jóhannes Jónsson, kaupmaður í Bónus, fagnar sjötugsafmæli í dag. Hann segir að þegar hann horfi til baka á þessum tímamótum sé hann mjög sáttur við hvernig lífið hefur farið með hann.

„Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík til fimmtán ára aldurs, þá flutti ég í Kópavoginn. Síðan hef ég átt mín góðu ár mest í Reykjavík. Ég byrjaði á því að ganga í Ísaksskóla og svo í Austurbæjarskóla. Þaðan fór ég í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og síðan í Iðnskólann þar sem ég lærði prent,“ segir Jóhannes. Eftir nám vann hann á Morgunblaðinu í tvö ár. „Þar kynntist ég því hvernig fjölmiðlar virka en ég var setjari og sá um umbrot. Ég vann svo hjá Sláturfélaginu í 25 ár sem verslunarstjóri en eftir að það lagði niður verslanir sínar stofnaði ég Bónus.“

Jóhannes segist vera vanur að halda upp á stórafmælin sín. „Ég held að það sé bara af því góða að fagna hverjum tíu árum með viðhöfn. Ég hef yfirleitt alltaf haft gaman af því að umgangast fólk, það hefur verið mitt starf í gegnum lífið og þar af leiðandi hef ég bara ánægju af því að hitta fólk í öðru umhverfi og ekki síst svona til hátíðabrigða. Mér finnst ég hafa lifað góðu og eftirminnilegu lífi og kynnst mörgu góðu fólki. Ég held að það sé fullt tilefni á svona tímamótum til þess að horfa yfir það sem liðið er og velta því fyrir sér hvernig lífið hefur farið með mann. Yfirgnæfandi meirihluti fólks sem ég hef kynnst á lífsleiðinni hefur verið gott fólk og viljað vel og ég hef átt bæði góð samskipti og viðskipti. En svo er einstaka skítmenni sem hafa orðið á vegi manns og þau eru eftirminnileg líka. En þannig er nú bara mannlífið og það eru algjörar undantekningar,“ segir hann.

Afmælisveislan í ár verður með smærra sniði en oft áður þar sem Jóhannes hefur verið að glíma við veikindi. „Ég er búin að vera í krabbameinsmeðferð í sumar og þar af leiðandi verður ekki eins glatt á hjalla og annars hefði verið, eða að minnsta kosti ekki eins fjölmennt. En það eru að koma í heimsókn til mín nánir vinir og ættingjar, þó að það sé ekki stór hópur.“ Hann útilokar þó ekki að hann haldi bara veglegri veislu að ári. „Það er aldrei að vita, og reyndar vel til fallið því þá verður konan mín fimmtug einmitt sama dag.“ **emilia@frettabladid.is**




**KAUPMAÐURINN** Jóhannes í Bónus er sjötugur í dag en þar sem hann hefur verið að glíma við veikindi ætlar hann að halda litla veislu og bjóða bara nánustu vinum og ættingjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Ástkær frændi okkar og vinur,*

**Eiríkur Jensen,**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést mánudaginn 23. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 2. september kl. 14.00.

**Aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Magnúsdóttir Ammendrup,**
*Eskiholti 1, Garðabæ,*

lést á líknardeild Landspítalans, laugardaginn 28. ágúst.

**Páll Ammendrup** | **Anna Kristmundsdóttir**
**María J. Ammendrup** | **Ólafur Hermannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartans þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Guðmundar Gunnarssonar,**
Lundi 1, Kópavogi.

Guð blessi ykkur öll.

**María S. Magnúsdóttir**
**Hafdís Guðmundsdóttir** | **Manuel Gissur Carrico**
**Gunnar Guðmundsson** | **Ingunn Lára Brynjólfsdóttir**
**Magnús Guðmundsson** | **Ólöf Inga Guðbjörnsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og frændi,*

**Friðrik Sigurður Guðjónsson,**
Barmahlíð 37, Reykjavík,

lést laugardaginn 28. ágúst.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 2. september kl. 13.00.

**Kristín Halldórsdóttir**
**Friðrik Sigurður Friðriksson**
**Bergsteinn Friðriksson**
**og aðrir aðstandendur.**



**ATVINNUREKSTUR** Rekstur, stjórnun og markaðssetning smáfyrirtækja – markviss leið er heiti á nýrri námsbraut sem kennd verður hjá Endurmenntun Háskóla Íslands í vetur, ætluð meðal annars þeim sem eru í eða ætla út í atvinnurekstur. Nánari upplýsingar á endurmenntun.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Rúm 30 kíló eru farin hjá Kristjáni Inga Gunnarssyni, en takmarkið er að ná 42, 2 í heild. Kristján æfir meðal annars crossfit til að ná markmiði sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gerir heimildarmynd um lífsstílsbreytingu

**Kristján Ingi Gunnarsson útvarpsmaður mun hlaupa maraþon í New York hinn 7. nóvember, samtals 42,2 kílómetra. Kristján setti sér það markmið að missa jafnmörg kíló og maraþonið er langt.**

New York-maraþonið víðfræga verður hlaupið 7. nóvember næstkomandi og Kristján Ingi Gunnarsson útvarpsmaður skráði sig til leiks fyrir tæplega ári, þá rúm 120 kíló. Hann setti sér það markmið að ná jafnmörgum kílóum af sér og maraþonið er langt, eða 42,2 kílóum og miðaði Kristján þá við sína mestu þyngd, 130 kíló.

„Þegar ég skráði mig til leiks var ástand mitt skráð hættulegt offituástand, þar sem BMI-stuðullinn minn var 33 og ég þá 120 kíló. Besti vinur minn er læknir og mikill hlaupari og skráði sig í maraþonið og ég ákvað að slá til og gera um leið eitthvað drastískt í mínum málum," segir Kristján Ingi sem hleypur ekki bara með besta vini sínum heldur einnig 67 ára gömlum föður, sem er fyrrverandi íþróttamaður og hleypur mikið. Undirbúningurinn fyrir hlaupið hefur staðið yfir í tæpt ár, síðan Kristján Ingi skráði sig til leiks, og hefur allt er viðkemur undirbúningnum og lífi Kristjáns verið fest á filmu.

„Vinnuheitið á kvikmyndaverkefninu er 42,2 kílómetrar/kíló og við erum ekki búnir að ákveða hvort þetta endi sem heimildarmynd eða heimildarþættir. 42,2 mun fjalla um týpískan, allt of þungan, tveggja barna fjölskylduföður í V-hálsmálspeysu sem fer úr því að vera allt of þungur og í það að hlaupa maraþon. Það gerir hann með pabba sínum og besta vini, sem gerir myndina mun persónulegri. Inn í myndina fléttast svo ýmsir stórviðburðir þar sem við vildum sýna lífið eins og það raunverulega er og slepptum því engu. Þannig eignaðist ég barn í apríl og myndaði þá daga og tilfinningarnar í kringum það en konan mín endaði í bráðakeisara. Faðir minn fékk fyrir hjartað í febrúar, endaði uppi á hjartadeild og það var líka allt myndað, þannig að það er engu sleppt."

Kristján Ingi er orðinn 98 kíló og nálgast því takmarkið. „Ég er 10 kílóum frá takmarkinu en ég hef enn þá tíu vikur til stefnu og tek þetta föstum tökum þar til að því kemur, æfi í crossfit fimm sinnum í viku, hleyp sjálfur, syndi og hjóla til og frá vinnu. Ég er með fullt af góðu fólki í kringum mig í þessu, næringarráðgjafa, þjálfara og fleiri og passa að borða hollt, án neinna öfga. Hermann Hannes Hermannsson og Úlfur Teitur Traustason hafa svo séð um kvikmyndatökuhliðina."

Tilvonandi maraþonhlauparinn segir myndina eiga að virkja hvetjandi og fræðandi fyrir fólk og vekja upp heilsufarslegar spurningar. „Offita er eitt algengasta heilsufarsvandamálið sem fólk er að glíma við í dag. Ég sjálfur hef verið í rússíbana á því sviði undanfarin ár, tekið KFC og Herbalife til skiptis og ég hef lært mikið um hvernig ég get fundið stöðugleika í sjálfum mér. Ég hlakka mikið til að sjá útkomuna." *juliam@frettabladid.is*

**Cos hættir!**
**Komdu núna og gerðu frábær kaup. Útsölunni lýkur 7. September.**



Cos Glæsibæ

**bailine vaxtarmótun**
Vaxtarmótun fyrir konur 18 ára og eldri.

5 ÁRA AFMÆLI
5 ÁRA GÖMUL VERÐ DAGANA 1. - 8.SEPT



**Við bjóðum þig velkomna í fríanprufutíma ásamt vaxtargreiningu og fitumælingu**

bailine
Tímapantanir í síma 568 0510
bailine.island@hive.is
www.bailine.is

Vertu flottara eintak af sjálfri þér!
bailine · Hlíðarsmári 11, 201 Kópavogur · Sími 568 0510 · www.bailine.is

**Patti.is**
Landsins mesta úrval af sófasettum



Chesterfield 3+1+1
Verð nú
299.900 kr
*takmarkað magn



Borðstofustólar í úrvali
Verð frá
12.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16



**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**
STUÐNINGS STÖNGIN

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpartæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins

10 ÁR Á ÍSLANDI
www.vilji.is • Sími 856 3451





**HEILBRIGÐ HÚÐ** C- og E-vítamín og seleníum eru meðal þeirra efna sem byggja upp kollagen og hjálpa húðinni við að halda teygjanleika sínum og koma í veg fyrir hrukkumyndun.




# Engar óraunhæfar kröfur

**Hin friðsæla móðir er lausleg þýðing á nafni nýrra jóganámskeiða sem hefjast í Baðhúsinu í næstu viku. Þar verður lögð áhersla á að konur njóti meðgöngunnar og fyrstu mánaðanna með barni sínu til fulls.**

Ný jóganámskeið sem eru annars vegar ætluð konum á meðgöngu og hins vegar nýbökuðum mæðrum hefjast í Baðhúsinu í næstu viku. Námskeiðin nefnast MammaShanti og er höfuðáhersla lögð á slökun og heilbrigðan lífsstíl.

„Shanti þýðir friður á sanskrít og því gæti lausleg þýðing á nafni námskeiðanna verið hin friðsæla móðir. Markmið þeirra er að styrkja móðurina andlega og líkamlega og skapa þannig jafnvægi og vellíðan,“ segir jógakennarinn Eva Rún Þorgeirsdóttir. Hún hefur stundað jóga í tíu ár og fékk hugmyndina að námskeiðunum um það leyti sem hún var að klára jógakennaranámið í fyrra. „Þá átti ég von á seinna barninu mínu og fann hvað það hjálpaði mér mikið bæði á meðgöngu og í fæðingunni að stunda hugleiðslu og jóga.

Eva Rún segir jóga henta óléttum konum og nýbökuðum mæðrum sérstaklega vel enda byggir það á hægum og mjúkum hreyfingum auk þess sem það hefur jákvæð áhrif á andlega líðan. Þá segir hún námskeiðin upplögð til að tengjast bæði ófæddu og nýfæddu barni. „Á námskeiðunum gerum við styrktaræfingar fyrir bak og grindarbotn og svo bætist kviðurinn við eftir fæðingu. Við gerum teygjur og í mömmuhópnum eru börnin með. Mikil áhersla er á slökun enda er það ekki einungis hreyfing sem gerir líkamanum gott heldur hefur reglubundin slökun afar uppbyggileg áhrif,“ segir Eva Rún. „Öndunaræfingar eru síðan mikilvægur þáttur í meðgönguhópnum enda hjálpa þær í fæðingunni og gefa barninu aukið súrefni.“



Eva Rún fór að þróa MammaShanti-námskeiðin um það leyti sem hún gekk með yngri dóttur sína Tinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eva Rún leggur mesta áherslu á heilbrigði og vellíðan. „Margar konur upplifa þá kröfu frá umhverfinu að þurfa að komast í gömlu gallabuxurnar strax eftir fæðingu. Það er fullkomlega óþarft og óraunhæft. Ég legg áherslu á að konur njóti meðgöngunnar og fyrstu mánaðanna með barninu. Alla hreyfingu og mataræði ætti því að skoða út frá því markmiði að auka eða viðhalda góðri heilsu og vellíðan. Að komast í gömlu gallabuxurnar er eingöngu bónus,“ segir Eva Rún sem leggur mikla áherslu á að konur tileinki sér þetta viðhorf. Námskeiðin hefjast 6. september en nánari upplýsingar er að finna á www.mammashanti.is

*vera@frettabladid.is*




**Haldin á Grand hotel Reykjavík allir velkomnir**

10 ára

AFMÆLISDAGSKRÁ DAGS GRÆÐARA

4. OG 5. SEPTEMBER 2010

**Aðgangseyrir: Laugardagur kr.- 4.000, sunnudagur kr.- 3.500, báðir dagarnir kr.- 6.500**

LAUGARDAGUR 4. SEPTEMBER

**Kl.09:00 – 09:10**
Setning: Anne May Sæmundsdóttir, formaður BIG.

**Kl.09:10 – 09:50**
Sveinn Geir Einarsson, MD, PhD. yfirlæknir svæfingadeild St. Jósefsspítali.
Eiga aðildarfélög BÍG samleið með öðrum heilbrigðisstéttum.

**Kl.10:00 – 10:20**
Stefanía Ólafsdóttir, formaður Félag höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara.
Cranió og blómadropar.

**Kl.10:50 – 11:30**
Hallgrímur Magnússon, læknir.
Sýru og basa jafnvægi líkamans.

**Kl. 11:40 – 12:00**
Arnhildur S. Magnúsdóttir, Samband svæða og viðbragðsfræðinga á Íslandi.
Andlitsnudd.

**Kl. 13:40 – 14:00**
Ragnhildur Richter, NLP meðferðaraðili.
NLP – stutt kynning.

**Kl. 14:10 – 14:30**
Ágústa Andersen, hómópati og nálastungufræðingur, Organon fagfélag hómópata.
Bara það besta fyrir börnin.

**Kl. 14:40 – 15:00**
Selma Júlíusdóttir, skólastjóri Lífsskólans, Aromatherpyskóla Íslands
Inflúensuvírusar.

**Kl. 15:40 – 16:20**
Edda Magnúsdóttir, matvælafræðingur.
Hvað er hráfæði og hvað getur það gert fyrir mig.

**Kl.16:30 – 17:00**
Gitte Lassen, skólastjóri Heilsumeistaraskólans.
Heimspeki náttúrulækninga. (fyrirlestur á ensku)

SUNNUDAGUR 5. SEPTEMBER

**Kl.10:00 – 10:05**
Preben Jón Pétursson, fundarstjóri.

**Kl.10:10 – 10:30**
Þuríður S. Árnadóttir, sjúkraþjálfari og höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferðaraðili, CranióSacral félag Íslands.
Hefur höfuðbeina- og spjaldshryggsmeðferð áhrif á mígreni?

**Kl.10:40 – 11:20**
Kristbjörg Kristmundsdóttir, blómadropatherapisti.
Íslenskir Blómadropar, Jurtir og Jóga

**Kl.11:30 – 11:50**
Guðný Halla Gunnlaugsdóttir, lithimnufræðingur.
Ilmur móðurinnar á friðarleið.

**Kl.13:40 – 14:20**
Vilborg Halldórsdóttir, lyfjafræðingur hjá Lyfjastofnun
Lög og reglugerðir er gilda um heilsutengdar vörur og auglýsingar á þeim hér á landi.

**Kl. 14:30 -15:00**
Þóra Jenný Gunnarsdóttir PhD, MS, lektor við Hjúkrunarfræðideild HÍ.
Afturbati - Healing crisis.

(3. september eru haldin örnámskeið frá kl. kl. 13 til 17. Námskeiðin kosta 5000 kr
Dr. Martine Faure-Aldersson,D.O. Hjalti Freyr Kristinsson, Haraldur Magnússon
Kl. 17 er Hátíðadagskrá fyrir gesti BIG)
Hér kemur dagskrá úr blaðinu
Ráðstefna 4.og 5. september
Fyrir neðan
Við Ráðstefnusalinn verða sölu- og kynningarborð með mjög áhugaverðar vörur og kynningar fyrir alla.
Þar er aðgangur gjaldfrjáls en ekki á ráðstefnuna. (bætt við neðst)
Selma s 8611070






# skólar og námskeið

ÞRIÐJUDAGUR 31. ÁGÚST 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is

# MYNDLISTASKÓLINN




VETRARNÁMSKEIÐ 2010 - 2011
www.myndlistaskolinn.is



BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

3 - 5 ára

laugard. 10:15-12:00 3 - 5 ára Sigríður Helga Hauksdóttir fullbókað
laugard. 12:30-14:15 3 - 5 ára Sigríður Helga Hauksdóttir
þriðjud. 15.15-17.00 3 - 5 ára Elsa Dórótea Gísladóttir fullbókað

6 - 12 ára

fimmtud. 15.15-17.00 6 - 9 ára Kolbeinn H. Höskuldsson
fimmtud. 15.15-17.00 6 - 9 ára Björk Guðnadóttir
laugard. 10:15-12:00 6 - 9 ára Ástríður Magnúsd.Hildur Steinþórs.
mánud. 15:15-17:00 6 - 9 ára Ína Salóme Hallgrímsdóttir
miðvikud. 15.15-17.00 6 - 9 ára Björk Guðnadóttir
þriðjud. 15.15-17.00 6 - 9 ára Ína Salóme Hallgrímsdóttir fullbókað
fimmtud. 15.00-17.15 8 - 11 ára Rennsla og mótun Guðbjörg Kárad.
mánud. 15.15-17.00 8 - 11 ára Arkitektúr Ástríður Magnúsdóttir
fimmtud. 15.00-17.15 10-12 ára Teikning - Málun Katrín Briem
laugard. 10.00-12.15 10-12 ára Leir og Skúlptúr Guðbjörg Kárad./Anna Hallin
mánud. 15.00-17.15 10-12 ára Myndasögur og hreyfimyndir Kolbeinn H.Höskuldsson
miðvikud. 15.00-17.15 10-12 ára Handverk - Hönnun - Myndlist Þorbjörg Þorvaldsdóttir
miðvikud. 15.00-17.15 10-12 ára Hreyfimyndagerð Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

KORPÚLFSSTAÐIR
6 - 16 ára

þriðjud. 15.15-17.00 6 - 9 ára Korpúlfsst. Brynhildur Þorgeirsd.
miðvikud. 15.00-17.15 10-12 ára Korpúlfsst. Brynhildur Þorgeirsd.
fimmtud. 16.00-19.00 13-16 ára Korpúlfsst Teikning - Málun - Skúlptúr Kristín Reynisdóttir

ungt fólk

föstud. 16.00-19.00 13-16 ára Teikning - Málun Þorbjörg Þorvaldsd.og J.B.K.Ransú
föstud. 16.00-19.00 13-16 ára Leirmótun Guðný Magnúsdóttir
laugard. 10.00-13.00 13-16 ára Myndasögur Myndskreyt.-Bókagerð Þórey M. Ómarsdóttir fullbókað

ALMENN NÁMSKEIÐ

teikning

mánud. 09.00-11.45 Teikning 1 morgunt. Eygló Harðardóttir
mánud. 17:30-21:30 Teikning 1 Eygló Harðardóttir fullbókað
miðvikud. 17:30-21:30 Teikning 1 Kristín Reynisdóttir
fimmtud. 09.00-11.45 Teikning 2 morgunt. Katrín Briem
þriðjud. 17:30-21:30 Teikning 2 Þóra Sigurðardóttir
mánud. 17:45-21:30 Módelteikning Þorbjörg Þorvaldsdóttir

málun - vatnslitun

þriðud. 17:30-21:40 Litaskynjun Eygló Harðardóttir
föstud. 15:00-17:30 NÝTT: **Tilraunastofa í myndlist fyrir hreyfihamlaða** Margrét H.Blöndal
föstud. 13.15-16.00 Frjáls málun Sigtryggur B.Baldvinsson
föstud. 09.00-11.45 Málun 1 morgunt. Þorri Hringsson
þriðjud. 17.30-20.15 Málun 1 Þorri Hringsson
fimmtud. 17.30-20.15 Málun 2 Sigtryggur B. Baldvinsson
föstud. 08.45-11.30 Málun 2 morgunt. Sigtryggur B. Baldvinsson
miðvikud. 17:30-20:15 Málun 3 Einar Garibaldi Eiríksson
miðvikud. 09.00-11.45 Málun 3 morgunt. Einar Garibaldi Eiríksson
fimmtud. 17.30-20.15 NÝTT: **Málun 4 / Mynd af mynd - frjáls úrvinnsla** Einar Garibaldi Eiríksson
laugard. 10.00-12.45 Málun 4 Módel- og Portrettmálun. Birgir Snæbj.Birgisson og Karl Jóh. Jónsson
miðvikud. 09.00-11.45 Vatnslitun -Teikn.morgunt. Hlíf Ásgrímsdóttir
miðvikud. 17.30-20.15 Vatnslitun byrjendur Hlíf Ásgrímsdóttir
þriðjud. 17.30-20.15 Vatnslitun framhald Hlíf Ásgrímsdóttir

keramik

miðvikud. 18:00-22:00 Grundvallaratriði í keramiki - KEV173 Guðný Magnúsdóttir og Guðbjörg Káradóttir
þriðjud. 17.30-20.25 Leirmótun og rennsla Guðný Magnúsdóttir
mánud. 17.30-20.15 Leirkerarennsla Guðbjörg Káradóttir

ljósmyndun

mán. og lau. tími breytilegur Ljósmyndun stafræn Vigfús Birgisson
lau. og þri. tími breytilegur Ljósmyndun svart / hvít Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson

form - rými

miðvikud. 17:30-20:40 NÝTT: **Gróðurhús hugmyndanna**. fullbókað
Hildigunnur Birgisdóttir, Hildur Steinþórsdóttir og Eygló Harðardóttir

indesign - photoshop

má-þr-mi-fi-la tími breytilegur InDesign-Photoshop Magnús Valur Pálsson

**INNRITUN stendur yfir**

**www.myndlistaskolinn.is**

sími 551-1990 á skrifstofutíma mán-fim kl.13-17 og fös kl.13-16




Elfar Logi Hannesson segir að farið verði í trúðalistir. „Og bara allra handa listir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frystihúsið lifnar af list

**Fyrsti leiklistarskóli Vestfjarða hefur starfsemi sína á Ísafirði í september.**

„Hugmyndin um að koma upp leiklistarskóla á Ísafirði kviknaði í vor. Það virkar oft að gera bara eitthvað nógu brjálað,“ segir Elfar Logi Hannesson, stofnandi Leiklistarskóla Kómedíuleikhússins, fyrsta leiklistarskóla Vestfjarða.

Leiklistarskólinn er til húsa í Norðurtanga, gömlu frystihúsi á Ísafirði. „Sem er farið að lifna af list núna,“ segir Elfar og bætir við að námskeiðin séu hugsuð fyrir alla aldurshópa. „Við erum að taka fyrir grunninn og undirstöður leiklistarinnar. Það er spuni og framsögn, látbragðsleikur og persónusköpun. Við förum líka í trúðalistir og bara allra handa listir,“ segir Elfar brosandi.

Sérnámskeið verða einnig haldin við leiklistarskólann. „Við erum til dæmis með framsagnarnámskeið sem eru tilvalin fyrir þá sem eru að koma fram, til dæmis kennara. Þau eru samt hugsuð fyrir alla,“ útskýrir Elfar sem segir að fólk alls staðar af landinu geti sótt námskeiðin. „Það er náttúrlega allt opið í því. Það er alveg tilvalið fyrir fólk að skella sér bara í helgarferð vestur því þessi námskeið eru einmitt haldin um helgar. Það er ekkert langt að skreppa á Ísafjörð.“

En er nógu mikill áhugi á leiklist á Ísafirði til að stofna heilan leiklistarskóla þar? „Já, ég hef trú á því. Ísafjörður er mikill menningarbær. Það er til dæmis afskaplega öflugt áhugaleikhús þarna sem heitir Litli leikhópurinn en ég er einmitt að fara að leikstýra þeim núna. Tónlistin stendur líka mjög traustum fótum,“ upplýsir Elfar áhugasamur. „Við stökkvum bara í djúpu laugina og vonumst til að þetta verði kómískt og skemmtilegt og eigi eftir að ganga vel.“

Námskeiðin hefjast 20. september. „Við verðum með opið hús í listakaupstað 11. september og þá hefjast skráningar. Fólk getur líka kynnt sér aðstöðuna sem við erum að koma upp. Fólk er þegar búið að hafa samband og vill skrá sig og það er allt í lagi. Við byrjum bara að skrá.“ Nánari upplýsingar á www.komedia.is.

*martaf@frettabladid.is*

# Auðveldar danskan framburð

Nýlega var dönskum framburði bætt við dönsku orðabókina á vefsíðunni ordabok.is. „Þetta var aðallega gert til þess að auðvelda nemendum í dönsku að átta sig á framburði,“ segir Matthías Magnússon, maðurinn á bak við ordabok.is. Danskri orðabók var bætt við ordabok.is á síðasta ári og fljótlega fóru Matthíasi að berast fyrirspurnir um að setja inn framburð tungumálsins.



„Danskan er mjög lík íslenskunni fyrir utan framburðinn,“ segir Matthías Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég man nú bara þegar ég var sjálfur í dönsku, ég vissi ekki hvernig ég ætti að bera orðin fram,“ segir Matthías og bætir við að hann hafi oft orðið þess var að framburðurinn hafi fælt fólk frá dönskunni.

Hann segir að mörgum muni eflaust koma á óvart hversu lítil fyrirhöfn er að ná tökum á framburðinum með þessu hjálpartæki á ordabok.is. „Fólk getur jafnvel fengið áhuga á að reyna sjálft af því þetta er ekki svo erfitt.“

Matthías telur að auðveldara sé að eiga við dönskuna heldur en mörgum finnist. „Danskan er mjög lík íslenskunni fyrir utan framburðinn. Mér fannst kominn tími til að ráðast á þennan garð sem framburðurinn er,“ segir Matthías sem fékk til liðs við sig nokkra dönskukennara. Þeir lásu inn samtals þrjátíu þúsund orð í hljóðveri síðla árs 2009.

Aðgangur að vefnum er í gegnum áskriftir en allir grunn- og framhaldsskólar á landinu fá aðganginn þó endurgjaldslausan.

*- mmf*










# Vilt þú ná árangri?

**Morgunhanar**
6. sept – 4 vikur.
Mán, mið og fös, kl. 6.20.
**Verð 13.900 kr.**

**60 ára og eldri**
6. sept – 4 vikur.
Mán, mið, kl. 11.00.
**Verð 9.900 kr.**

**Yoga**
Ingibjörg Stefánsdóttir
6. sept.
Mán og mið, kl. 12.05
**Verð 14.900 kr.**

**Hraðlest í hádeginu**
6. sept – 4 vikur – kl. 12.10.
Byrjendur þri og fim.
**Verð 10.900 kr.**
Framhald mán, mið og fös.
**Verð 13.900 kr.**

**Bakleikfimi – Breiðu bókin**
Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari.
7. sept – haustönn.
Þri og fim, kl. 12.05, 16.20
eða 17.20.

**HAM betra sjálfsmat**
Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur
Margrét Hauksdóttir, sálfræðingur.
Miðvikud., kl 17.00-19.00.
**Verð 34.500 kr.**

**HAM offita**
Áhersla á hugsun, hegðun og líðan tengdri ofþyngd.
Helma Rut Einarsdóttir, sálfræðingur,
Valgerður Margrét Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur.
12. ágúst, þri eða fim,
kl. 17.00-19.00
**Verð 34.500 kr.**

**Árskort í líkamsrækt**
**aðeins 3.900 kr. pr mán.**



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

*Meðal samstarfsaðila Heilsuborgar eru:*

þjálfun.net · REYKJALUNDUR · yoga shala reykjavík · NLFÍ Heilsustofnun Hveragerði

# Mikill léttir að fá börnin heim

**Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur sitt fyrsta starfsár í haust. Honum er tekið fagnandi af íbúum á Tröllaskaga, sem áður þurftu að sjá á eftir börnum sínum eftir 10. bekk.**

„Ungt fólk á Tröllaskaga fór ýmist í framhaldsskóla á Akureyri, Sauðárkróki eða til Reykjavíkur eftir 10. bekk; það er að segja þeir sem fóru. Því það er einfaldlega þannig að nemendur eru misjafnlega í stakk búnir að fara að heiman sextán ára gamlir. Sumum reynist það auðvelt og gengur vel, meðan aðrir þurfa stuðning að heiman. Það þekki ég vel frá kennaraárum mínum við Menntaskólann á Akureyri og Fjölbrautaskólanum við Ármúla, en segja má að nemendur sem kveðja þurfa heimahaga sína og fjölskyldu til að fara í framhaldsskóla skiptist í þrjá hópa: þá sem njóta sín, þá sem eru einmana, líður illa og flosna úr námi, og svo þá sem sleppa sér í djammi, búa ekki yfir nægum sjálfsaga til að hafa stjórn á sér annars staðar og missa fótanna," segir Lára Stefánsdóttir, skólameistari í Menntaskólanum á Tröllaskaga, sem hefur starfsemi sína í glæsilegum húsakynnum mitt í fögrum fjallasal Ólafsfjarðar.

„Það hefur lengi staðið til að stofna menntaskóla á Tröllaskaganum og verið áhugamál heimamanna lengi, en með tilkomu Héðinsfjarðarganga stækkar upptökusvæðið því nemendur frá Siglufirði komast í skólann líka. Við áætluðum að vera með 45 nemendur á þessu fyrsta starfsári en erum nú komin með 73 nemendur. Flestir koma beint úr 10. bekk, meðan aðrir hafa aldrei farið í framhaldsskóla, og margir koma til að ljúka námi til stúdentsprófs hér heima," segir Lára og staðfestir að ekki ríki aðeins hamingja meðal framhaldsskólanema um hinn nýja menntaskóla heldur séu heimamenn himinglaðir yfir að hafa unga fólkið lengur heima.

„Áður var ástandið þannig að unga fólkið yfirgaf samfélagið eftir 10. bekk og bæirnir voru tómir yfir vetrartímann. Því heyrir maður marga tala um hve gaman er að sjá unga fólkið úti á fótboltavelli eða labba um bæinn, því áður hvarf þetta aldursskeið úr bænum," segir Lára.


Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga. MYND/GÍSLI KRISTINSSON

Hún segir varða við mannréttindi unglinga að geta lokið framhaldsskólanámi nærri sínum nánustu, ekki síst þar sem framhaldsskólamenntun sé nauðsynlegur lykill til framtíðar nú til dags.

„Menntaskólinn starfar samkvæmt nýju námsskránni frá 2008, en í henni felst meiri fjölbreytni og svigrúm. Allar brautir eru til stúdentsprófs en við bjóðum líka þriggja anna nám til framhaldsskólaprófs. Það er góður grunnur út á aðrar brautir en líka útgönguleið fyrir þá sem ætla sér ekki í háskóla en vilja njóta lífsins með prófgráðu og meiri þekkingu í veganesti."



Kátar stelpur í glæsilegu anddyri Menntaskólans á Tröllaskaga. MYND/GÍSLI KRISTINSSON

Námsbrautir í Menntaskólanum á Tröllaskaga eru: Ferðir og útivist, fisktækni, félags- og hugvísindi, listir og náttúruvísindi. Á ferða- og útivistarbraut geta nemendur sérhæft sig í málum tengdum ferðamennsku eða útivist og íþróttum. Á listabraut geta nemendur valið fagurlistir, listljósmyndun eða tónlist, og í tengslum við fisktæknibraut er sótt menntun og verkþekking úr heimabyggð, sem tengist öflugri og tæknilegri fiskvinnslu, meðal annars á Dalvík.

„Allir nemendur skólans þurfa einnig að ljúka skylduáfanga í listum, þar sem þeir kynnast listasögu, tónlist og ljósmyndun, en það er einlæg skoðun mín að grunnmenntun í listum sé veikburða í íslenska menntakerfinu og því eigi menn erfitt með að njóta lista," segir Lára sem prófaði að gamni að sjá til hversu langur tími myndi líða þar til nemendur sæktu fast að öflugu félagslífi innan skólans.

| 09:40 | Íslenska merkið og vottunarferlið.<br>Finnur Garðarsson |
| 10:00 | Viðhorf viðskiptavina.<br>Martin Hofstede |
| 10:20 | Umræður |
| 10:40 | Kaffi |

## Málstofa B

**8. Ferðaþjónusta og sjávarútvegur**
**Málstofustjóri: Lára Pétursdóttir**

| | |
|---|---|
| 09:00 | Staða og þróun ferðaþjónustunnar.<br>Erna Hauksdóttir |
| 09:20 | Íslensk strandmenning og hvalaskoðun.<br>Hörður Sigurbjarnason |
| 09:40 | Sjávarfang og ferðaþjónusta.<br>Guðmundur H. Gunnarsson |
| 10:00 | Grunnur að framförum – stefnumörkun og vaxtarskilyrði Marine Tourism á Íslandi.<br>Lærdómur brautryðjenda hér á landi og erlendis.<br>Viktoría Rán Ólafsdóttir |
| 10:20 | Umræður. |
| 10:40 | Kaffi. |

## Sameiginleg málstofa

**9. Samantekt og umræður**
**Fundarstjóri: Guðbrandur Sigurðsson**

| | |
|---|---|
| 11:10 | Markaðsmál, uppruni og umhverfismerkingar.<br>Jón Þrándur Stefánsson |
| 11:25 | Tækifæri til þróunar og verðmætasköpunar.<br>Sigurður Bogason |
| 11:40 | Panelumræður. |
| 12:30 | Ráðstefnuslit. |

**10. Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.**

| | |
|---|---|
| 12:45 | Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2011 o.fl. |
| 13:30 | Fundi slitið |

www.sjavarutvegsradstefnan.is

# Emmy-verðlaunin komu á óvart

Emmy-verðlaunahátíðin fór fram í 62. sinn um helgina og var mikið um dýrðir að venju.

Stjörnurnar mættu í sínu fínasta pússi og létu mynda sig er þær gengu eftir rauða dreglinum sælar og sáttar. Hinir vinsælu sjónvarpsþættir Mad Men og Glee þóttu hvað sigurstranglegastir þetta árið og voru þeir tilnefndir í nokkrum flokkum.

Meðal þeirra sem tilnefndir voru til verðlaunanna í ár má nefna Claire Danes, gamanleikkonuna Tinu Fay, John Hamm og breska leikarann Hugh Laurie.



**SIGURVEGARAR** Leikkonan Kyra Sedgwick stóð uppi sem besta leikkonan þegar Emmy-verðlaunin voru afhent í 62. sinn í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

Sigurvegarar ársins voru aftur á móti leikkonan Edie Falco, sem var kosin besta gamanleikkonan, en hún fer með aðalhlutverkið í þáttunum Nurse Jackie, leikarinn Jim Parsons úr gamanþáttunum Big Bang Theory, leikarinn Bryan Cranston fyrir hlutverk sitt í dramaþáttunum Breaking Bad og Kyra Sedgwick fyrir hlutverk sitt í lögregluþáttunum The Closer.

Sjónvarpsþátturinn Mad Men var að mati margra sigurvegari kvöldsins en þættirnir hlutu verðlaun sem besta dramaserían og fyrir besta sjónvarpshandritið.

# MIKIÐ STUÐ Í LEIKHÚSINU

**Borgarleikhúsið opnaði dyrnar fyrir gestum og gangandi á sunnudaginn. Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjórinn sjálfur, bakaði vöfflur af miklum móð.**

Fjöldi gesta lagði leið sína í Borgarleikhúsið á sunnudaginn þegar starfsfólkið leyfði fólki á öllum aldri að sjá hvað gerist þegar leiksýning vaknar til lífsins. Fólki gafst jafnframt kostur á að skoða hvernig búningar eru hannaðir, hversu margir takkar stjórna ljósunum og hvað leikarar aðhafast á meðan þeir eru ekki á sviðinu. Sýndir voru bútar úr vinsælum leikritum á borð við Harry og Heimi og Gauragang og svo skemmtu Skrítla og Lúsí yngstu kynslóðinni. - fgg



Rakel Ósk, dóttur Gísla Arnar Garðarssonar, var ekkert sérstaklega vel við Barböru trúð þótt Skrítla hefði vissulega reddað málunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ungur aðdáandi fær að skoða takkana sem stjórna ljósunum sem eru auðvitað sérstaklega mikilvæg þegar leikarar eiga að vera í sviðsljósinu.



Ilmur Kristjánsdóttir, sem leikur Klöru í Fólkinu í kjallaranum, og Elma Lísa Gunnarsdóttir sýndu brot úr sýningunni sem verður frumsýnd í október.

HAMSKIPTIN

EFTIR FRANZ KAFKA
LEIKSTJÓRN: GÍSLI ÖRN GARÐARSSON OG DAVID FARR
TÓNLIST: NICK CAVE OG WARREN ELLIS

Einstakt tækifæri, aðeins örfáar sýningar!

"An 85 minute masterpiece" The Daily Mail

Sýningar: Fim. 2/9 - Fös. 3/9 - Lau. 11/9 - Sun. 12.9

Vesturport ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasala | 551 1200 | leikhusid.is | midi.is

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

650 KR. SCOTT PILGRIM vs. THE WORLD

650 KR. THE EXPENDABLES
TOPP MYNDIN Í DAG Á ÍSLANDI OG USA!
S.V. - MBL T.V. - kvikmyndir.is E.Þ.E - DV Þ.Þ. - FBL

TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.

650 KR. SALT
950 KR. THE LAST AIRBENDER

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM | 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| EXPENDABLES | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| SALT | 8 | 16 |
| LAST AIRBENDER 3D | 5.45 Gleraugu Seld sér | 10 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 650*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

EF ÞÚ FÍLAR SO YOU THINK YOU CAN DANCE ÞÁ ÁTTU EFTIR AÐ ELSKA STEP UP
STEP UP 3D
BESTA DANSMYND SEM GERÐ HEFUR VERIÐ SÍÐAN DIRTY DANCING VAR OG HÉT...

SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 650*
CATS & DOGS
ÆÐISLEG FJÖLSKYLDUMYND MEÐ FRÁBÆRUM HÚMOR

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ KR. 650* INCEPTION
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ KR. 650* IT'S THE COOLEST JOB EVER.
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ KR. 650* LETTERS TO JULIET
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ KR. 650* THE LAST AIRBENDER

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 7 - 8 - 10 | 12 |
| INCEPTION | kl. 7 - 10 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 8 - 10 | 12 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE LAST AIRBENDER | kl. 10:50 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CATS & DOGS-3D ísl. Tali | kl. 6 | L |
| STEP UP-3D | kl. 8 - 10 | 7 |
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 6 | 7 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!

FRÁ LEIKSTJÓRA SHAUN OF THE DEAD OG HOT FUZZ
650 kr. SCOTT PILGRIM vs. THE WORLD 12
FRÁ LEIKSTJÓRA HOT FUZZ OG SHAUN OF THE DEAD KEMUR EIN FYNDNASTA OG FRUMLEGASTA MYND ÁRSINS

18
650 kr. "Sláandi frumleg" - Twitch
"Dieter Laser er hryllilega góður" - V.A. Musetto, New York Post
THE HUMAN CENTIPEDE (FIRST SEQUENCE)
ÞITT HOLD ER HANS DRAUMUR

16 STALLONE STATHAM LUNDGREN COUTURE CRAWS ROURKE WILLIS
650 kr. Gildir ekki í Lúxus LÚXUS
EXPENDABLES

650 kr. ANGELINA JOLIE SALT HVER ER SALT? 14

650 kr. VAMPIRES SUCK 12

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| SALT | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.20 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 3.30 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE KARATE KID | kl. 6 - 9 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 | 12 |
| SALT | kl. 6 | 14 |

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

# Ný námskeið
## í Grand Spa

### Bellydance Fitness

Magadans hefur verið stundaður í meira en þúsund ár, færri vita hinsvegar að dansinn er einnig ein öruggasta, einfaldasta og skilvirkasta leiðin til að koma sér í form. Við í Grand Spa höfum nú byrjað með námskeið í Bellydance Fitness sem byggir á þessari ævafornu hefð. Þetta er fyrsta svona námskeiðið sem kennt verður á Íslandi. Kenndir eru 5 tímar á viku og munu færri komast að en vilja. Kennari er Danijela sem er löggiltur Bellydance Fitness kennari.

### Power Yoga & Extreme Stretch

Það verður ekki slakað á í tímanum, hins vegar verður tilfinninginn eftir á tvímælalaust vellíðan. Spennan úr öxlunum verður horfin, vöðvarnir endurnærðir og afslappaðri og líkaminn mýkri. Liðleiki þinn að námskeiðinu loknu verður miklu meiri en áður. Kenndir eru 2 tímar á viku og er kennari námskeiðsins Tanya, fyrrum ballettdansari og löggiltur þjálfari með yfir 20 ára reynslu.

### Karlanámskeið

Viltu losna við aukakílóin? Styrkja ónæmiskerfið og auka andlega vellíðan. Þá er karlanámskeiðið eitthvað fyrir þig! Kenndir eru 5 tímar á viku og er kennari Olga sem er löggiltur þjálfari.

### Pilates

Persónulegt námskeið sem kennt er einu sinni á viku og er markmið námskeiðsins að ná jafnvægi og stöðugleika í líkamanum með kerfisbundnum og úthugsuðum æfingum. Kennari er Kolla sem er löggiltur Pilates kennari frá Romana's Pilates í New York.



Grand Spa er ein fullkomnasta og glæsilegasta heilsulind landsins. Þar starfa eingöngu faglærðir þjálfarar sem veita þér hjálp í að ná þínum markmiðum. Frítt herðanudd í heilsulindinni okkar fylgir eftir hverja æfingu fyrir þá sem fara á námskeið eða fá sér líkamsræktarkort hjá okkur. Þeir sem æfa hjá okkur fá afhentan Technogym lykil sem geymir þínar stillingar fyrir hvert og eitt tæki og safnar þannig upplýsingum um árangur þinn og elju. Lykillinn virkar eins og einskonar einkaþjálfari en að sjálfsögðu eru alltaf þjálfarar í salnum sem eru allir af vilja gerðir til að hjálpa þér að ná sem bestum árangri. Einnig bjóðum við upp á okkar sívinsælu matartösku sem tryggir þér hámarksárangur.

**Námskeiðin er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða.**
**Námskeiðin hefjast 6. september en þú getur byrjað núna!**

GrandSpa

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

## > Eiður til Stoke í dag?

Í dag er síðasti dagur félagaskiptagluggans og Eiður Smári Guðjohnsen er samkvæmt fréttum í gær á leiðinni til Stoke. The Sentinel sagði í gær að Monaco og Stoke myndu skipta launagreiðslum Eiðs, um 75 þúsund pundum á viku, á milli sín. Eiður hefur verið orðaður við fjölda félaga, flest þeirra á Englandi, til að mynda Fulham og Birmingham auk Tottenham þar sem hann var í láni á síðasta tímabili.



# sport

sport@frettabladid.is

ARNAR SVEINN GEIRSSON: SEGIR LEIKMENN VALS STANDA MEÐ GUNNLAUGI JÓNSSYNI ÞJÁLFARA

## Erfitt að vita ekki hver verður þjálfari á morgun



Valsmenn gerðu góða ferð á Selfoss í gær og náðu í þrjú verðskulduð stig. Í fyrri hálfleik fóru þeir hreinlega á kostum og refsuðu varnarmönnum Selfyssinga fyrir að sofa á verðinum með því að skora tvívegis.

Selfyssingar náðu að minnka muninn úr vítaspyrnu en Valsmenn voru ekki lengi að svara eftir slæm markmannsmistök. Aftur minnkuðu heimamenn muninn og hleyptu spennu í lokamínúturnar. Með smá heppni hefðu þeir getað nælt sér í stig en sigur Valsmanna var sanngjarn enda stjórnuðu þeir ferðinni langstærstan hluta leiksins.

„Eigum við ekki að segja að við höfum bara ákveðið að gefa áhorfendum smá spennu,“ sagði Arnar Sveinn Geirsson, leikmaður Vals, glettinn eftir leik. „Mér fannst það mjög klaufalegt hjá okkur að hleypa þeim inn í leikinn með því að gefa þeim mark en við fengum þrjú stig og þá er mér alveg sama.“

Mikil neikvæð umræða hefur verið kringum Valsliðið að undanförnu. „Eftir það sem á undan hafði gengið var gríðarlega mikilvægt fyrir alla hjá Val að vinna, bæði fyrir Gulla (Gunnlaug Jónsson), okkur og félagið í heild. Það er gott að fara í tveggja vikna frí með sigur á bakinu,“ sagði Arnar.

„Við sýndum það ágætlega úti á vellinum að við stöndum allir saman. Það var sama hvað gekk á. Við fengum tvisvar á okkur mark og svo mikla pressu. Við stóðumst hana og það bara sýnir karakterinn í þessu liði að það var enginn að fara að gefast upp.“

Arnar Sveinn segir að það sé nóg eftir af mótinu til að gera ágætis hluti. „Það hefur mikil óvissa verið í gangi og erfitt að láta það ekki hafa áhrif á sig. Það er erfitt að sitja inni í klefa og vita ekki hver verður þjálfarinn manns á morgun. En það er sem betur fer allt komið á hreint núna og við erum hrikalega ánægðir með það. Við erum ánægðir með Gulla og ætlum að klára tímabilið með stæl,“ sagði Arnar.

**Selfoss 2-3 Valur**

Selfossvöllur, áhorf.: 933 — Gunnar Jarl Jónsson (7)

*0-1 Jón Vilhelm Ákason (18.)*
*0-2 Arnar Sveinn Geirsson (32.)*
*1-2 Viktor Unnar Illugason (víti, 65.)*
*1-3 Guðmundur St. Hafsteinsson (68.)*
*2-3 Sævar Þór Gíslason (83.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark): | 11-14 (5-7) |
| Varin skot: | Jóhann 4 - Kjartan 2 |
| Horn: | 4-9 |
| Aukaspyrnur fengnar: | 9-13 |
| Rangstöður: | 1-4 |

| SELFOSS 4–5–1 | | VALUR 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Jóhann Sigurðsson | 4 | Kjartan Sturluson | 7 |
| Stefán Guðlaugsson | 5 | Stefán Eggertsson | 7 |
| Jón Guðbrandsson | 3 | **Atli Sv. Þórarinss.** | **8*** |
| Agnar B. Magnússon | 5 | Greg Ross | 7 |
| Andri Fr. Björnsson | 4 | Martin Pedersen | 6 |
| Martin Dohlsten | 7 | Haukur P. Sigurðsson | 7 |
| (38. Viðar Kjartans. | 6) | Ian Jeffs | 6 |
| Einar Ottó Antonsson | 6 | Rúnar Sigurjónsson | 5 |
| (83. Ingi Ingibergs. | -) | Baldur Aðalsteinsson | 6 |
| Jean YaoYao | 6 | Jón Vilhelm Ákason | 7 |
| Sævar Þór Gíslason | 7 | Arnar Sv. Geirsson | 7 |
| Guessan Bi Herve | 4 | (64. Guðm. Hafst. | 6) |
| (64. Ingþór Guðm. | 6) | | |
| Viktor U. Illugason | 7 | | |

*Maður leiksins

## STAÐAN

*Pepsi-deild karla:*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **18** | **11** | **3** | **4** | **29-18** | **36** |
| Breiðablik | 18 | 10 | 4 | 4 | 40-22 | 34 |
| **FH** | **18** | **9** | **5** | **4** | **34-26** | **32** |
| KR | 18 | 9 | 4 | 5 | 34-21 | 31 |
| **Fram** | **18** | **7** | **5** | **6** | **29-28** | **26** |
| Valur | 18 | 6 | 7 | 5 | 26-32 | 26 |
| **Stjarnan** | **18** | **6** | **6** | **6** | **36-31** | **24** |
| Keflavík | 18 | 6 | 6 | 6 | 19-23 | 24 |
| **Grindavík** | **18** | **5** | **4** | **9** | **22-28** | **19** |
| Fylkir | 18 | 5 | 3 | 10 | 31-38 | 18 |
| **Selfoss** | **18** | **4** | **2** | **12** | **26-42** | **14** |
| Haukar | 18 | 2 | 7 | 9 | 24-39 | 13 |

**MARKAHÆSTIR:**

| | Lið | Mörk |
|---|---|---|
| Alfreð Finnbogason | *Breiðablik* | 12 |
| Atli Viðar Björnsson | *FH* | 11 |
| Halldór Orri Björnsson | *Stjarnan* | 11 |
| Gilles Daniel Mbang Ondo | *Grindavík* | 10 |
| Kristinn Steindórsson | *Breiðablik* | 10 |

# Meistararnir neita að gefast upp

**Íslandsmeistarar FH eru enn með í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn eftir 0-1 sigur á KR í Vesturbænum í gær. Frábær markvarsla og sterkur varnarleikur skóp sigur FH-inga í gær.**

**FÓTBOLTI** FH væri líklega til í að spila alla sína leiki á KR-vellinum í Vesturbæ því þar vinnur FH alltaf. Sjöundi sigurleikurinn í röð í Frostaskjólinu leit dagsins ljós í gær er Atli Viðar Björnsson tryggði FH 0-1 sigur. FH átti undir högg að sækja allan leikinn en það er einkenni meistaraliða að vinna leiki sem það er lakari aðilinn í. Það gerði skynsamt FH-lið í gær.

„Þessi sigur var ljúfur og lífsnauðsynlegur fyrir framhaldið í deildinni. Ef við hefðum tapað eða gert jafntefli þá hefðum við verið úr baráttunni. Nú er aftur á móti allt önnur staða komin upp,“ sagði sigurreifur þjálfari FH, Heimir Guðjónsson, en FH var að leggja KR af velli í þriðja sinn í sumar.

Leikurinn var skemmtilegur á að horfa. Bæði lið reyndu að sækja strax frá byrjun en KR tók fljótt völdin í leiknum. Guðmundur Reynir Gunnarsson var síógnandi með hlaupum sínum upp kantinn en flestar sóknir KR stönduðu á hinum sterku miðvörðum FH-liðsins, Tommy Nielsen og Frey Bjarnasyni, sem stigu ekki feilspor.

Það var nokkuð gegn gangi leiksins að FH tæki forystuna í leiknum. Nafnarnir Atli Viðar og Atli Guðnason spiluðu sig þá laglega í gegnum vörn KR-liðsins og Atli Viðar afgreiddi færið af stakri fagmennsku.

KR-ingar áttu þó nokkuð af hættulegum skotum utan teigs en það var alveg sama hvað þeir buðu upp á. Gunnleifur varði allt í markinu og átti frábæran leik. Hann varði meira að segja liggjandi úr dauðafærum og það átti ekki fyrir KR að liggja að skora í þessum leik. FH var fjarri sínu besta í gær og ekki oft sem maður sér liðið liggja svona aftarlega. Vörnin og markvarslan var til sóma og það skilaði sigrinum.

„Við spiluðum í sjálfu sér ekki vel í þessum leik en skipulagið hélt hjá okkur. Tommy og Freyr voru góðir, Hjörtur sterkur og Ásgeir öflugur eftir að hann kom í bakvörðinn fyrir Pétur. Gunnleifur var síðan frábær í markinu. Hann sýndi það í þessum leik að hann er besti markvörður Íslands,“ sagði Heimir en af hverju gengur FH svona vel með KR? „Ég veit það ekki. Þú verður eiginlega að spyrja einhvern KR-ing að því.“

KR var að tapa sínum fyrsta leik í deildinni undir stjórn Rúnars Kristinssonar og hann var að vonum svekktur með úrslitin þó svo hann hefði verið sáttur við drengina sína.

„Mér fannst við spila vel og ég er ánægður með strákana. Þetta var að mínu mati einn okkar besti leikur í sumar en úrslitin mikil vonbrigði. Við eigum mikið af hornspyrnum og skotum en náum ekki að nýta það,“ sagði Rúnar sem hefði að ósekju mátt breyta fyrr hjá sér. Dofri var duglegur en lítið kom út úr hans leik. Einnig kom lítið út úr Guðjóni í framlínunni en hann komst ekki í takt við leikinn enda í gjörgæslu hjá Tommy og Frey.

„Við náðum ekki að opna vörnina þeirra nægilega vel og þegar það gerðist þá klikkaði úrslitasending. Við hefðum samt getað skorað í dag. Ballið er ekki búið.“

**henry@frettabladid.is**



**Á FLUGI** Gunnleifur hendir sér á boltann þegar aðgangsharðir KR-ingar sækja að marki. Guðjón Baldvinsson og Smalinn, Baldur Sigurðsson, eru hér aðgangsharðir við mark FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**KR 0-1 FH**

*0-1 Atli Viðar Björnsson (25.).*

KR-völlurinn, áhorfendur: 3.333
Dómari: Magnús Þórisson (8)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark): | 21-10 (8-2) |
| Varin skot: | Lars 1 – Gunnleifur 8 |
| Horn: | 10-2 |
| Aukaspyrnur fengnar: | 17-11 |
| Rangstöður: | 0-4 |

**KR 4–3–3** Lars Ivar Moldsked 6, Skúli Jón Friðgeirsson 6, Mark Rutgers 7, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 7, Baldur Sigurðsson 6, Egill Jónsson 7 (86., Björgólfur Takefusa -), Viktor Bjarki Arnarsson 7, Dofri Snorrason 4, (70., Gunnar Örn Jónsson 4), Óskar Örn Hauksson 6, Guðjón Baldvinsson 4.

**FH 4-3-3 Gunnleifur Gunnleifsson 9***, Pétur Viðarsson 6, Freyr Bjarnason 7, Tommy Nielsen 8, Hjörtur Logi Valgarðsson 7, Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 7, Gunnar Már Guðmundsson 5, (65., Torger Motland 4), Bjarki Gunnlaugsson 4, (55., Hákon Atli Hallfreðsson 4), Matthías Vilhjálmsson 5, Atli Guðnason 6, Atli Viðar Björnsson 6.



**ÖFLUGUR** Ingvar hlýtur umbun erfiðisins í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslenska landsliðið:

## Ingvar Kale í landsliðshópinn

**FÓTBOLTI** Ingvar Kale hefur verið valinn í íslenska landsliðshópinn fyrir leikina gegn Noregi og Danmörku í undankeppni EM 2012. Ingvar er kallaður inn sem aukamaður en fyrir í hópnum eru markmennirnir Gunnleifur Gunnleifsson og Árni Gautur Arason. Ingvar hefur staðið vaktina vel í marki Breiðabliks í sumar en þetta er í fyrsta sinn sem hann er valinn í A-landsliðið. **- hþh**

Gylfi Þór Sigurðsson fer frá Reading til Hoffenheim fyrir sex milljónir punda eða rúmlega 1.100 milljónir:

# Breiðablik fær yfir 130 milljónir fyrir Gylfa

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson mun í dag skrifa undir fjögurra ára samning við þýska úrvalsdeildarfélagið Hoffenheim. Þetta kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti fyrir stuðningsmenn Reading sem trúa því ekki að félagið skuli hafa samþykkt tilboð í sinn besta mann.

Gylfi fór í læknisskoðun í gær og fær allar niðurstöður hennar í dag. Í framhaldinu verður gengið frá stórum samningi þar sem Gylfi fær verulega kauphækkun frá samningi sínum hjá Reading.

Hoffenheim var í fimmtu deild í Þýskalandi árið 2000 en komst árið 2008 upp í efstu deild. Milljarðamæringurinn Dietmar Hopp er ein aðalástæða þess. Félagið spilar á rúmlega 30 þúsund manna velli og er sem stendur við topp deildarinnar. Það lenti í ellefta sæti hennar í fyrra eftir frábært gengi fyrir áramót.

Gylfi kostar Hoffenheim yfir sex milljónir punda. Það eru yfir 1.100 milljónir íslenskra króna. Hann er þar með orðinn næstdýrasti Íslendingurinn en Barcelona borgaði Chelsea 8,2 milljónir punda fyrir Eið Smára Guðjohnsen árið 2006.

Af þessum rúmu sex milljónum punda græðir Breiðablik mikið en hann var hjá félaginu í tvö ár og spilaði aldrei aðalliðsleik fyrir það. Gylfi var aðeins fimmtán ára þegar hann fór út. Félagið gerði samning við Reading um að fá tíu prósent kaupverðsins á Gylfa og því fá Blikar um 120 milljónir íslenskra króna, auk ríflega tíu milljón króna í uppeldisbætur.

Auk þess mun FH fá nokkrar milljónir fyrir Gylfa í samstöðubætur sem það deilir með Blikum og Reading. Uppeldisbæturnar sem deilast á milli félaganna eru fimm prósent kaupverðsins.

Gylfi kemur beint heim eftir undirritun samningsins og fer á landsliðsæfingu hjá Íslandi. **- hþh**



**MAGNAÐUR** Gylfi hefur þegar sannað sig á Englandi, næst er það Þýskaland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gunnlaugur Jónsson segir að hlutirnir verði að skýrast eftir tímabilið:

# Ég óska eftir vinnufriði fyrir liðið

**FÓTBOLTI** „Maður vissi ekki hvernig liðið myndi koma undan þessari orrahríð en maður vonaði að maður gæti notað þetta í að mótivera menn. Sú von varð að veruleika,“ sagði Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Valsmanna, eftir sigur á Selfossi í gær.

Mikið hefur gustað á Hlíðarenda að undanförnu og óvissa ríkt um framtíð Gunnlaugs. En er óvissutímanum lokið hjá Val? „Ég ætla rétt að vona það. Það er nóg komið af þessari umræðu og ég óska eftir vinnufriði fyrir liðið að klára þetta mót. Það eru fjórir leikir eftir og svo verður bara að koma í ljós hvað gerist,“ sagði Gunnlaugur.

Eftir að fréttastofa Ríkissjónvarpsins greindi frá því að Gunnlaugur væri valtur í sessi og Valsmenn hefðu rætt við Guðjón Þórðarson um að taka að sér þjálfun liðsins urðu stjórnarskipti innan knattspyrnudeildar. Sagt var að Gunnlaugi hafi verið boðið að segja af sér fyrir stjórnarskiptin.

Gunnlaugur vildi ekki tjá sig um hvort það væri rétt. „Nei, ég held að búið sé að segja nóg í því máli. Hvort það verði staður eða stund til að ræða það síðar á eftir að koma í ljós,“ sagði hann.

Þeir fjórir menn sem létu af stjórnarstörfum sendu frá sér yfirlýsingu þar sem þeir þökkuðu mörgum fyrir samstarfið. Það stakk í augun að öllu þjálfarateymi Vals var þakkað að undanskildum Gunnlaugi Jónssyni. „Ég vil ekkert tjá mig um það,“ sagði Gunnlaugur þegar hann var spurður hvort það hafi komið sér á óvart.

Gunnlaugur var ánægður með hvernig liðið brást við umræðunni. „Við hleyptum þessu í óþarfa spennu í lokin en við sýndum góða spilamennsku, þá sérstaklega í fyrri hálfleiknum. Mér fannst liðið frábært þá,“ sagði Gunnlaugur.

„Við eigum í næstu leikjum lið sem eru í kringum okkur og við förum að sjálfsögðu í þá til að vinna. Við reynum að klifra eins hátt og við getum. Þetta er mjög jafnt mót.“ **- egm**



**VILL VINNUFRIÐ** Gunnlaugur í leik Vals í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FAGN** Leikmenn Þórs/KA fagna marki í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Pepsi-deild kvenna í gær:

## Norðanstúlkur burstuðu FH

**FÓTBOLTI** Þór/KA komst upp í annað sæti Pepsi-deildar kvenna með 5-1 sigri á FH í gær. Norðanstúlkur skoruðu strax í upphafi leiksins, þar var að verki Vesna Smiljkovic. Undir lok fyrri hálfleiks skoruðu þær Danka Podovac og Mateja Zver hvor sitt markið og skömmu síðar minnkaði Aldís Kara Lúðvíksdóttir muninn fyrir FH.

Aldís fékk svo rautt spjald í upphafi síðari hálfleiks áður en Þór/KA bætti tveimur mörkum við, það fyrra skoraði Danka en það síðara var sjálfsmark. **- hþh**



**STERKUR** John Carew er lykilmaður í liði Noregs. NORDICPHOTOS/GETTY

Norðmenn í klípu:

## Carew ekki með í Laugardalnum

**FÓTBOLTI** Aðalframherji norska landsliðsins, John Carew, verður ekki með í leiknum gegn Íslandi á föstudaginn. Ástæðan eru hnémeiðsli sem hafa plagað sóknarmanninn öfluga lengi.

Hann leikur með Aston Villa á Englandi og hefur skorað 22 mörk í 84 landsleikjum. Allar líkur eru á því að Steffen Iversen leiði norsku sóknina í leiknum.

Þá er danski markmaðurinn Thomas Sörensen tæpur fyrir leik Íslands og Danmerkur hinn 7. september. Hann er aðalmarkmaður Dana og gaf til kynna í gær að hann myndi ekki spila til að ná sér að fullu af meiðslum á olnboga. **- hþh**







VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## > Scarlett Johansson

„Mér fannst æðislegt að vinna með Woody Allen. Hann var miklu meira en mig hafði dreymt um. Ég myndi vinna með honum milljón sinnum aftur“.

Scarlett Johansson fer með aðalhlutverk í kvikmyndinni Scoop, en Woddy Allen leikstýrði einmitt þeirri mynd. Scoop er á dagskrá Stöð 2 bíó kl. 22.00.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR **HEFUR Í HÁVEGUM MORGUNSTUNDIR MEÐ KK**

## *Vaknaðu, litli vinur minn*



Það hefur löngum þótt best að kúra lengur á morgnum virkra daga, en eftir að ég uppgötvaði Morgunstund með KK á Rás 1 er ég farin að vakna á undan klukkunni í spenningi yfir að kveikja á útvarpinu frammi í stofu. Svo snemmtekinn fótaferðartími hefur þó ekki skilað sér í betri stundvísi á stimpilklukkunni því þrautin þyngri er að slíta sig frá angurværri stemningu KK, sem getur líka sveiflast yfir í rjúkandi partí þar sem litla fólkið mitt stekkur frá morgunmatnum til að dansa Óla skans eða dillandi harmónikupolka. Þessu fylgja svo tilheyrandi hlátrasköll og ósvikin gleði, en stundum setjast þau beint framan við hátalarana til að heyra enn betur þau undur sem lagalisti KK geymir, því flest er það fáheyrt í einum og sama þættinum á öldum ljósvakans nú.

Fyrsta lag þáttarins í gær var Vaknaðu, litli vinur minn; hugljúf upptaka með Elsu Sigfúsdóttur frá 1960. Fjögurra ára sonur minn tók það til sín í gegnum svefninn: „Já, mamma, ég er að koma í fangið þitt til að dansa,“ sagði hann í gegnum stírurnar. Eftir morgunmat lék Villi Valli Við uppvaskið á nikkuna sína og þá tiplaði hann að vaskinum með orðunum: „Nú vöskum við upp diskana, mamma, alveg eins og maðurinn segir.“ Morgunstundin hans KK er því heilög töfrastund og sumt lagaval gleymist honum aldrei, eins og „lagið úr Mjallhvíti eða um óskastjörnuna hans Gosa,“ sem smáfólkið þekkir frá Disney og KK setur á fóninn. Allar þessar óskir samþykkir litla stúlkan mín kinkandi kolli og dansandi með, og þannig hlusta þau saman af forvitni, andakt og athygli á sönginn, orðin og tónlistarsmekk KK, sem spannar allt frá Hamrahlíðarkórnum yfir í Bob Dylan. Á meðan laumast mamma þeirra aftur til saklausra bernskudaga þegar mamma og kannski amma voru komnar á fætur og ljúfir tónar þeirra daga hljómuðu yfir hafragraut í eldhúsinu. Því hvergi kemst maður í jafn gott tæri við fortíðarþrá eftir þeim sem veittu svo hlýja samfylgd undir ógleymanlegum tónum liðins tíma.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **20.10 Að duga eða drepast** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.15 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00 Eureka** SKJÁR EINN



▶ **22.00 Scoop** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.10 Gavin and Stacy** STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Frumkvöðlar - Vilhjálmur Knudsen kvikmyndagerðarmaður** (3:3)
**16.50 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Eystri-Hvammur og Ingólfshöfði** (24:24)
**17.05 Íslenski boltinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.25 Pálína** (51:56)
**18.30 Jimmy Tvískór** (20:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Að duga eða drepast** (16:20) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.55 Ljósmæðurnar** (6:8) (Barnmorskorna) Sænsk þáttaröð um erilsamt starf ljósmæðra.
**21.25 Doktor Ása** (6:8) (Dr. Åsa)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Rannsókn málsins - Sakfelling** (2:2) (Trial and Retribution: Conviction) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Popppunktur** (Hjaltalín og Lights on the Highway) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Stormbreaker**
**10.00 Proof**
**12.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**
**14.00 Stormbreaker**
**16.00 Proof**
**18.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**
**20.00 The Big Nothing**
▶**22.00 Scoop**
**00.00 An American Haunting**
**02.00 Badasssss!**
**04.00 Scoop**
**06.00 I Now Pronounce You Chuck and Larry**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Matarást með Rikku** (5:10)
**10.55 Wipeout USA**
**11.45 Making Over America With Trinny & Susannah** (3:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (7:24)
**13.30 George of the Jungle**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (13:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (17:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (15:22)
**20.10 The Middle** (4:24) Nýir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni.
**20.35 The New Adventures of Old Christine** (7:22) Fjórða þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir.
**21.00 Cougar Town** (12:24)
**21.25 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
▶**22.10 Gavin and Stacy** (7:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi.
**22.40 Daily Show: Global Edition**
**23.05 Gossip Girl** (22:22)
**23.50 Mercy** (18:22)
**00.35 True Blood** (9:12)
**01.25 Nip:Tuck** (18:22)
**02.05 Cathouse: The Musical** Djarfur heimildarþáttur frá HBO. Þátturinn er stranglega bannaður börnum.
**02.50 George of the Jungle**
**04.20 White Collar**
**05.05 The Middle** (4:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsí deildin 2010** Sýnt frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**16.45 Pepsí deildin 2010** Sýnt frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**18.35 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**19.45 Meistaradeild Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**20.15 Augusta Masters Official Film** Flottur þáttur þar sem fjallað er um Augusta Masters mótið í golfi.
**21.15 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum í leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**22.00 Barclays** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**22.55 Prague 2** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í poker þar sem samankomnir flestir af bestu pókerspilurum Evrópu í dag.
**23.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00 Blackpool - Fulham** Útsending frá leik Wolves og Newcastle í ensku úurvalsdeildinni.
**15.50 Blackburn - Arsenal / HD** Útsending frá leik Blackburn og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Maradona 2** Diego Armando Maradona verður kynntur til sögunnar í kvöld og afrek hans sem knattspyrnumaður skoðuð.
**19.00 Bolton - Birmingham / HD** Útsending frá leik Bolton og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Aston Villa - Everton / HD** Útsending frá leik Aston Villa og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.10 Chelsea - Stoke / HD** Útsending frá leik Liverpool og WBA í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (23:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.35 Dynasty** (24:30)
**18.20 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.05 Still Standing** (15:20) (e)
**19.25 Survivor** (15:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
▶**21.00 Eureka** (16:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Óvænt minnisleysi hrjáir íbúa Eureka og það gæti reynst banvænt fyrir Carter og Allison.
**21.50 In Plain Sight** (11:15) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Unglingsdóttir vitnis stefnir lífi fjölskyldu sinnar í hættu með hættulegu ástarsambandi.
**22.35 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.20 CSI: New York** (4:23) (e)
**00.10 Leverage** (3:15) (e)
**00.55 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Hittum sláturhússtjóra KS og skoðum þjónamál verkstæða og tryggingafélaga.
**21.00 Græðlingur** Gurrý og Sædís skoða gróðurhúsauppskeru Ragnheiðar Söru.
**21.30 Tryggvi Þór á alþingi** Hvað líður endurreisninni?
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00

**Cougar Town**

Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda hún að eigin mati engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Middle**
**Stöð 2 kl. 20.10**

Nýir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni, sem leikin er af Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali – og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Farkennarinn
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Jazzhátíð Reykjavíkur 2010
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.35 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Ally McBeal** (22:22) Sígildir gamanþættir um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og oft á tíðum stórfurðuleg.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 So You Think You Can Dance** (20:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 4 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram.

**23.15 So You Think You Can Dance** (21:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.

**00.00 Torchwood** (9:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.

**00.50 Ally McBeal** (22:22)

**01.35 The Doctors**

**02.15 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.35** My Hero **13.05** My Hero **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** 'Allo 'Allo! **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** The Black Adder **18.00** QI **18.30** Lead Balloon **19.00** Little Britain **19.30** New Tricks **20.20** Little Britain **20.50** QI **21.20** Come Dine With Me **21.45** The Jonathan Ross Show **22.35** EastEnders **23.05** Torchwood **23.55** The Black Adder

## DR 1

**12.00** Søren Ryge direkte **12.30** Uventet besøg på Barbados **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Emil fra Lønneberg **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Det Søde Sommerliv **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Medicinmanden **20.45** Vilde roser **21.30** Teenageliv **22.00** Naruto Uncut **22.25** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Toppform **13.00** NRK nyheter **13.10** Millionær i forkledning **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Rock til fjells **18.15** Karanba! **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Detektiv Jack Frost **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med **22.00** Garrows lov **23.00** Takk for sist: Anders Bye & Jon Niklas Rønning **23.40** Svisj gull

## SVT 1

**12.25** Barnvagnen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Val 2010 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Val 2010 **19.00** Båttokig **20.00** Sigrid och Isaac **21.20** Kvalster **22.20** Romance and Cigarettes




**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Heimagerðar pitsur eru í miklu uppáhaldi. Það er hægt að leika sér endalaust með þær og mér finnst þær mun betri en pantaðar pitsur. Bestu pitsurnar fæ ég hjá pabba mínum en hann á ekta eldbökunarofn.“*

Iðunn María Guðjónsdóttir háskólanemi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** veita húsaskjól, **6.** öfug röð, **8.** gól, **9.** í hálsi, **11.** æst, **12.** bolur, **14.** fáni, **16.** tveir eins, **17.** síðan, **18.** bjálki, **20.** ólæti, **21.** stertur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** á endanum, **3.** tveir eins, **4.** kasta, **5.** for, **7.** nýta, **10.** eldsneyti, **13.** viðmót, **15.** fínt, **16.** frændbálkur, **19.** persónufornafn.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** hýsa, **6.** on, **8.** ýlu, **9.** kok, **11.** ör, **12.** stofn, **14.** flagg, **16.** ææ, **17.** svo, **18.** tré, **20.** at, **21.** tagl.
**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** ýý, **4.** slöngva, **5.** aur, **7.** notfæra, **10.** kol, **13.** fas, **15.** gott, **16.** ætt, **19.** ég.

vera
NÝ
SENDING FRÁ
OLSEN
YFIRHAFNIR
BUXUR
PEYSUR
BOLIR Í ÚRVALI
olsen sandwich_
vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Steed Lord með sitt fyrsta myndband

„Hugmyndin fæddist þegar við vorum í myndatöku fyrir sænska fatamerkið WeSC fyrr í sumar. Þar kynntumst við snjóbrettamanni sem heitir Andrew Hardingham og við náðum svo vel saman að við ákváðum að fá hann til að leika í myndbandinu okkar,“ útskýrir söngkonan Svala Björgvinsdóttir. Hljómsveit hennar, Steed Lord, lauk nýverið við tökur á fyrsta tónlistarmyndbandi sínu. Myndbandið er við smáskífuna One Good Reason af nýrri plötu sveitarinnar, Heart II Heart.

Meðlimir Steed Lord sáu sjálf um tökur á myndbandinu og segir Svala það hafa gengið eftir óskum. „Egill Eðvarðsson, pabbi strákanna, var einmitt í heimsókn hjá okkur þannig að við fengum hann til að skjóta myndbandið ásamt Einari,“ útskýrir Svala en Egill er einn reyndasti framleiðandi Ríkissjónvarpsins. „Við gerum oftast allt sem viðkemur Steed Lord sjálf. Við skutum myndbandið á tveimur dögum hérna í Los Angeles og þetta var mikið stuð,“ segir Svala. Hljómsveitin kláraði einnig tökur á nýrri hljómplötu fyrir stuttu og var hún tekin upp í hljóðveri hljómsveitarinnar Beastie Boys í Los Angeles. Á plötunni eru átta lög og kemur hún út hinn 7. september.

Hið nýja myndband fer í birtingu innan skamms bæði á netinu og í fatabúðum WeSC sem finna má um allan heim. Í fyrra gerði Steed Lord samning sem felur í sér að tónlist sveitarinnar fái að óma í raunveruleikaþáttum líkt og Keeping Up With The Kardashians og MTV‘s The Real World. „Við gerðum samning við stórt fyrirtæki sem vildi fá tónlist okkar í þessa raunveruleikaþætti og við sögðum já við því. Þetta er fín auglýsing fyrir okkur og bara gaman að þessu,“ segir Svala að lokum. **- sm**



**GERA ALLT SJÁLF** Von er á fyrsta tónlistarmyndbandi hljómsveitarinnar Steed Lord innan skamms. Meðlimir sveitarinnar unnu myndbandið sjálfir.



**ÁBERANDI Á ÞESSU ÁRI**

**Ágústa Eva** leikur eitt aðalhlutverkanna í sjónvarpsþáttaröðinni Hlemmavídeó þar sem mótleikari hennar verður **Pétur Jóhann Sigfússon** og **Vignir Rafn Valþórsson**. Ágústa leikur einnig í tveimur kvikmyndum; Borgríki og Kurteisu fólki eftir Ólaf Jóhannesson.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁGÚSTA EVA: LEMUR Í PÚÐA OG LEIKUR Í SJÓNVARPI

# Ágústa Eva við hlið Péturs í nýjum sjónvarpsþætti

„Ég hef aldrei leikið á móti Pétri Jóhanni áður og það er alveg ótrúlega gaman að vinna með honum,“ segir Ágústa Eva Erlendsdóttir. Hún mun leika aðalhlutverkið á móti áðurnefndum Pétri í nýrri gamanþáttaröð sem verður sýnd á Stöð 2 í haust. Ágústa mun leika dularfulla konu sem keyrir út Sóma-samlokur en á sér annað og eilítið öðruvísi líf utan vinnutímans. Auk Ágústu hefur Vignir Rafn Valþórsson verið ráðinn til að leika starfsmann Hlemmavídeós sem þættirnir snúast um en persóna hans verður hálfgert hjarta leigunnar.

Leikhópurinn hefur hist nokkrum sinnum og æft en eins og Fréttablaðið hefur greint frá stendur einvalalið að handritinu; Sigurjón Kjartansson, María Reyndal, Ari Eldjárn, Hugleikur Dagsson og Pétur Jóhann. Þá hefur Styrmir Sigurðsson verið fenginn til að leikstýra þáttaröðinni en hann gat sér gott orð fyrir fyrstu Fóstbræðra-seríuna sem var frumsýnd 1997. Ágústa og Pétur hafa þó komið við sögu í sömu myndinni án þess að leika saman; Ágústa lék yngri útgáfuna af Bjarnfreði í kvikmyndinni Bjarnfreðarson.

Ágústa segir sér lítast mjög vel á þættina en vill ekki gefa of mikið upp um sína eigin persónu, það kæmi til með að ljóstra of miklu upp um framvinduna. Ágústa segist annars hafa eytt sumrinu í frí. „Ég fór bara hringinn í kringum landið og svo hef ég bara verið að lemja í púða hjá Mjölni,“ segir Ágústa en dálæti hennar á bardagaíþróttum hefur vart farið fram hjá neinum. „Ég gerði alveg rosalega mikið af þessu fyrir kvikmyndina Borgríki og hef bara haldið áfram síðan þá,“ útskýrir Ágústa og vísar þar í myndina Borgríki eftir Ólaf Jóhannesson. „Hún er í klippingu núna og verður frumsýnd á næsta ári.“ Ágústa verður raunar nokkuð áberandi því kvikmyndin Kurteist fólk eftir sama leikstjóra með Stefáni Karli verður frumsýnd seint á þessu ári.

freyrgigja@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Norðlendingar flykktust í Hof, nýtt og glæsilegt menningarhús, sem var vígt á laugardaginn. Kristján Jóhannsson, óskabarn Akureyringa, þandi raddböndin og Víkingur Heiðar Ólafsson sýndi meistaratakta við píanóið. Athygli vakti hversu góður hljómburðurinn var en það var arkitektastofan Arkþing sem hannaði húsið. Eigandi þeirrar stofu er Sigurður Hallgrímsson en sonur hans er enginn annar en **Jón Sigurðsson**, Nonni kjuði, sem lemur húðirnar með Diktu.



Fjármögnun á fjögurra þátta sjónvarpsseríu sem Friðrik Þór Friðriksson hyggst gera eftir bók **Árna Þórarinssonar**, Tíma nornarinnar, er nú lokið. Þættirnir verða sýndir á RÚV í vor en tökur eiga að hefjast í haust. Ekki hefur enn verið ákveðið hver leikur höfuðpersónu Árna, Einar blaðamann, en það ætti að skýrast á allra næstu vikum eða mánuðum.



Gunnar í Krossinum og **Jónína Benediktsdóttir** gengu í það heilaga um helgina. Hin nýgiftu eru ákaflega vinamörg og sérstakt pakkaborð svignaði undan gjöfunum. Jónína tók síðan til máls og ávarpaði veislugesti og kvaddi með þeim orðum að þeir sem vildu láta af hendi rakna til Krossins gætu gert það gegnum kortaposa en systur Gunnars gengu í kjölfarið á milli borða og buðu gestum að vera með.

**- fgg**

# Regnboginn verður Bíó Paradís

Miklar framkvæmdir standa nú yfir í gamla Regnbogahúsinu við Hverfisgötu en í september verður þar vígt nýtt kvikmyndahús undir hinu stóra nafni; Bíó Paradís: Heimili kvikmyndanna. Þegar hefur verið ákveðið að heimildarmyndin Backyard eftir Árna Sveinsson verði opnunarmynd kvikmyndahússins en hún vann einmitt aðalverðlaunin á Skjaldborgarhátíðinni í sumar.

Að sögn Ragnars Bragasonar, sem á sæti í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Heimili kvikmyndanna ásamt Ara Kristinssyni og Hrafnhildi Gunnarsdóttur, er stefnt að vígslu hinn 10. september. Það gæti þó dregist enda sé allt á fullu og menn vinni nótt sem nýtan dag við að breyta húsnæðinu og undirbúa á annan hátt. „Þetta verður í fyrsta skipti sem kvikmyndagerð eignast heimili, Kvikmyndamiðstöð Íslands er komin á þessar slóðir,“ segir Ragnar. Í Bíó Paradís verða sýndar kvikmyndir sem teljast ekki til hinna hefðbundnu poppkornssmella frá Ameríku. Stóru dreifingaraðilarnir munu þó eiga sitt skjól í Bíó Paradís því myndir á þeirra vegum sem falla ekki undir poppkorns-skilgreininguna geta fundið sér sinn farveg við Hverfisgötu. „Því er ætlað að fylla upp í ákveðið tómarúm fyrir fólk sem vill sjá nýlegar, listrænar kvikmyndir frá öðrum stöðum en Hollywood.“ Að sögn Ragnars verður einnig starfrækt kaffihús sem og verslun með kvikmyndir og kvikmyndabækur. Lovísa Óladóttir verður framkvæmdastjóri hússins en Ásgrímur Sverrisson verður dagskrárstjóri. **- fgg**



**HEIMILI KVIKMYNDANNA** Lovísa Óladóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri hjá Bíó Paradís en Ásgrímur Sverrisson verður dagskrárstjóri þess. Stefnt er að vígslu hússins hinn 10. september.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


HotYoga
www.hotyoga.is
Jóhanna Karlsdóttir
Certified Hot Yoga Instructor
Ert þú að berjast við stífar axlir, bakverki, streitu, aukakíló, vöðvabólgu eða gigt? HOT YOGA vinnur á öllu þessu og meira til!
Ný 6 vikna námskeið hefjast 6. & 7. september
1. HOT YOGA morgnar - 90 mín
6. september - 15. október
mán + mið + fös kl: 6:00
verð: 19.900 kr.
2. HOT YOGA dagur - 60 mín
6. september - 15. október
mán + mið + fös kl: 10:00
verð: 14.500 kr.
3. HOT YOGA síðdegi - 90 mín
6. september - 15. október
mán + mið + fös kl: 17:30
verð: 19.900 kr.
NÝR TÍMI!
4. HOT YOGA kvöld I - 90 mín
6. september - 13. október
mán + mið kl: 19:15
verð: 14.500 kr.
NÝR TÍMI!
5. HOT YOGA kvöld II - 60 mín
7. september - 14. október
þri + fim kl: 19:15
verð: 12.900 kr.
NÝR TÍMI!
6. HOT YOGA Advanced - 90 mín
þri + fim kl: 20:30
7. september - 14. október
verð: 14.500 kr.
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050
Fyrirspurnir og skráning í s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is Nánari upplýsingar má finna á www.sporthusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Pabbinn hélt ræðu

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, flutti ræðu til heiðurs dóttur sinni, **Björk Guðmundsdóttur**, þegar hún tók við Polar-verðlaununum úr hendi Karls Svíakonungs við hátíðlega athöfn. Karl var auðvitað staddur hér á Íslandi í síðustu viku og skemmti sér konunglega á skemmtistaðnum Austur en ekki Boston, eftirlætisskemmtistað Bjarkar í Reykjavík. Björk fékk sautján milljónir íslenskra frá sænska ríkinu en hún var heiðruð ásamt ítalska kvikmyndatónskáldinu, Ennio Morricone.



### Hafliði sigrast á Pressunni

Golfmót vefmiðilsins Pressunnar fór fram á Hamarsvelli í Borgarfirði í blíðskaparveðri á fimmtudaginn var. Meðal þátttakenda voru **Björn Ingi Hrafnsson**, ritstjóri í leyfi, Logi Bergmann Eiðsson sjónvarpsstjarna, Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, og Hlynur Sigurðsson, fréttastjóri á Mbl.is. Leikið var eftir svokölluðu Texas Scramble-kerfi þar sem tveir menn mynda teymi. Starfsmenn Pressunnar og aðrir framantaldir þurftu þó að játa sig sigraða fyrir **Hafliða Helgasyni**, aðstoðarmanni Bjarna Ármannssonar, og Sigurþóri Marteini, fyrrverandi auglýsingastjóra Skjásins. - fgg, sh



## Mest lesið visir.is

1. Var með unnustu Hannesar um nóttina
2. Hjálpaði nágrannakonu í barnsnauð
3. Prestar grétu og báðust fyrirgefningar
4. Faðir stúlku með hvítblæði vill frekari rannsóknir
5. Fundu blóð á skónum
6. Smitaði fórnarlamb af lifrarbólgu C





